

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 28. nóvember 2019

Mál nr. S-99/2019:

Héraðssaksóknari

(*Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari*)

(*Kári Valtýsson, skipaður réttargæslumaður*)

gegn

X

(*Gísli M. Auðbergsson, skipaður verjandi*)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl., er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 3. október 2019, á hendur X, kt. [...], [...], [...], með dvalarstað í fangelsinu á Hólmsheiði;

„fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 10. júlí 2019 ráðist á A, á heimili A að [...] í [...], með tveimur hnífum, það er einum í hvorri hendi og stungið A í hálsinn og margsinnis í líkama; hægra megin framan á brjóstkassa, í kvið, í hægri síðu, mjaðmakamb og bak, hægri öxl, upphandlegg og hendi og vinstri hendi, með þeim afleiðingum að A hlaut af fjölda áverka; sár á hálsi nærri barka, opið sár á brjóstkassa, stórt stungusár aftarlega á hægri síðu undir rifjaboga, mörg opin sár og áverka á vöðva og sin á kvið, mjóbaki og mjaðmagrind, mörg opin sár og áverka á mörgum vöðvum og sinum við öxl og upparm hægra megin, mörg opin sár á úlnlið og hendi vinstra megin, áverka á innvöðva og sin þumals við úlnlið og hönd vinstra megin og áverka á fingrum hægri handar. A missti umtalsvert blóð í kjölfar árásarinnar, var í yfirvofandi lífshættu er hann komst undir hendur lækna og blætt hafði inn í brjósthol hans.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að sæta upptöku á tveimur hnífum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hnífarnir voru haldlagðir við rannsókn málsins.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 5.000.000,- með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 11.07.2019 en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá þeim degi er ákærða er sannarlega kynnt krafan til greiðsludags. Þá er enn fremur krafist greiðslu sjúkrakostnaðar og atvinnutjóns, skv. 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð kr. 672.633,- með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 440.982 frá 11.07.2019 en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 672.633 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá þeim degi er ákærða er sannarlega kynnt krafan til greiðsludags.

Þá er þess jafnframt krafist að ákærða verði gert að greiða A málskostnað að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.“

Ákærði neitar sök, og hafnar einkaréttarkröfu, en aftur á móti samþykkir hann upptökukröfu ákæruvalds á tveimur hnífum.

Skipaður verjandi ákærða, Gísli M. Auðbergsson lögmaður, krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af refsikröfu ákæruvalds og að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi og að allur málskostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun hans, að mati dómsins.

Til vara krefst verjandinn þess að ákærði verði sýknaður af broti gegn 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en að háttsemi hans verði heimfærð undir ákvæði 2. mgr. 218. gr. sömu laga, og að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa, að frádreginni gæsluvarðhaldsvist frá 11. júlí 2019, og jafnframt að einkaréttarkrafa verði lækkuð og loks að málskostnaði verði skipt að mati dómsins, þ. á m. að því er varðar hæfileg málsvarnarlaun.

Til þrautavara krefst verjandinn þess að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa, fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., hegningarlaganna, að frádreginni gæsluvarðhaldsvist frá 11. júlí 2019, að einkaréttarkrafa verði lækkuð og loks að verjandanum verði dæmd málsvarnarlaun að mati dómsins.

II.

1. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglunnar á Austurlandi tilkynnti vitnið B, [...], [...], [...], í síma, miðvikudagskvöldið 10. júlí 2019, kl. 23:48, að karlmaður, sem reyndist vera brotþoli, hefði verið stunginn með hnífi og lægi alblóðugur við heimili vitnisins, en að ætlaður gerandi, sem reyndist vera ákærði, hefði farið fótgangandi að [...]. Óskaði vitnið eftir tafarlausri aðstoð. Var þegar brugðist við og var flokkur lögreglumanna kominn á vettvang örfáum mínútum síðar, en samtímis komu þar að sjúkraflutningamenn.

Í frumskýrslu C lögreglumanns, sem er í samræmi við önnur rannsóknargögn, segir frá því að lögreglumenn hafi haft afskipti af ákærða, X, allnærri vettvangi, þar sem hann hafi verið fótgangandi á [...], skammt norðan [...]. Segir frá því að við handtöku hafi ákærði verið blóðugur á höndum, en að auki hafi föt hans verið blóðug. Var ákærði færður á lögreglustöð og vistaður í fangaklefa. Í vistunarskýrslu segir að ákærði hafi verið í annarlegu ástandi, en ekki verið með sýnileg ölvunareinkenni, þ. á m. hafi jafnvægi hans verið stöðugt og sjáöldur eðlileg. Þá segir í skýrslunni að framburður ákærða hafi verið greinargóður og málfarið skýrt.

Greint er frá því í gögnum að lögreglan hafi haldlagt tvo hnífa á bifreiðastæði, um 35,3 m sunnan við íbúðarhúsið að [...].

2. Í frumskýrslu lögreglu greinir frá því að lögreglumenn hafi komið að brotþola, A, þar sem hann hafi legið rétt utan við útidyr íbúðarhússins að [...], og að hann hafi þá verið með „stungusár víðsvegar um líkamann og með skerta meðvitund og mikla blæðingu.“ Fram kemur að fyrrnefndur lögreglumaður hafi farið með brotþola í sjúkrabifreið þegar ekið var af vettvangi, að umdæmissjúkrahúsinu í ..., og að brotþoli hafi á stuttri akstursleið greint frá því að ákærði hefði ráðist á hann á heimili hans að [...], en húseignin er 12,6 m frá fyrrnefndri húseign nr. [...]. Einnig segir í skýrslunni að brotþoli hafi haft orð á því að ákærði hefði áður en atvik máls gerðust verið með líflátshótanir og að tilefnið hafi verið ástríða hans gagnvart konu, sem brotþoli hafði þá tiltölulega nýlega verið byrjaður að leggja lag sitt við.

3. Í frumskýrslunni er haft eftir vitninu C að það hafi verið á heimili sínu, [...], ásamt eiginkonu og syni, er það heyrði mikil læti við útidyrahurðina. Hafi vitnið er þetta gerðist verið að taka á sig náðir, en brugðist við og farið til dyra, en þá séð að nágrenni

þess, brotaþoli, var þar fyrir utan, og því opnað dyrnar. Hafi brotaþoli þá hrunið inn, alblóðugur og mikið slasaður. Af ótta við árás hafi vitnið fært brotaþola út fyrir dyrastafinn og lokað, en síðan hlaupið til og hringt eftir fyrrnefndri aðstoð lögreglu. Eftir það hafi vitnið farið á ný að útidyrhurðinni, en þá séð út um gluggann að ákærði, X, var við hurðina, „haldandi á tveimur hnífum í sitt hvorri hendi ... eins og X væri að leita að A fyrir utan húsið. X hafi bankað lauslega á rúðuna með hnífunum ... Því næst gengið á brott og sleppt hnífunum rétt við bílplanið ... og haldið fótgangandi í átt að [...]. Því næst hafi lögreglu borið að.“ Í skýrslunni er haft eftir vitninu að á meðan á þessu stóð hafi það fylgst með brotaþola við húseignina þar sem hann hafi legið í felum við bifreið á bifreiðastæðinu.

4. Í frumskýrslunni greinir nefndur lögreglumaður frá því að hann hafi farið á heimili ákærða, [...], í bæjarkjarnanum, þá um nóttina þeirra erinda að ná í fatnað og lyf fyrir ákærða, en við það tækifæri veitt því eftirtekt að í eldhúsinu var eldhúshnífasett. Um það segir nánar í skýrslunni: „Í settið vantaði tvo hnífa, millistóra. Stærð þeirra passaði við hnífana sem haldlagðir voru af lögreglu á vettvangi, einnig var tegund og gerð hnífanna sú sama. Hnífasettið var ljósmyndað.“ Hið sama kemur fram í skýrslu D lögreglufulltrúa, um húsleit á heimili ákærða, sem fram fór síðdegis nefndan dag, en þá er og tekið fram að heimilið hafi verið snyrtilegt, en þar um er m.a. vísað til ljósmynda. Greint er frá því að á eldhúsbekk og sólbekk við baðherbergi hafi fundist tómar umbúðir af ½ lítra bjór. Við leitina lagði lögreglan hald á farsíma og tölvubúnað ákærða, en við rannsókn á þeim kom ekkert fram sem varpaði ljósi á málavexti, en leiddar eru líkur að því að m.a. öllum skilaboðum í búnaði þessum hafi verið eytt.

Samkvæmt gögnum eru um 1,48 km frá heimili ákærða, [...], að heimili brotaþola, [...], sé farið um [...], [...], [...], [...] og [...].

5. Í rannsóknargögnum segir að eftir ofangreindar bráðaaðgerðir lögreglu og sjúkraflutningsmanna hafi rannsóknardeild lögreglunnar á Austurlandi farið á vettvang til rannsóknarstarfa. Fram kemur í gögnum að daginn eftir hafi einnig komið til starfa rannsóknarlögreglumenn og sérfræðingar tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem m.a. hafi ljósmyndað vettvang, en einnig tekið viðeigandi sýni til rannsóknar, þ. á m. við og í fyrrnefndum húseignum, [...]og [...], en einnig í leiguíbúð ákærða að [...], og loks af haldlögðum munum.

Í nefndum gögnum segir ítrekað frá því að mikið af blóði hafi verið í og við fasteignina [...] og þá ekki síst í stofu, á gangi, verönd, útipalli og niður af honum. Að auki segir frá því að blóð hafi verið á trjárinna og grasflöt, sem legið hafi að fasteigninni [...], þar sem m.a. hafi fundist blóð við útidyr og á bifreiðastæði, en óumdeilt er að nærri nefndri húseign voru tvær bifreiðar kyrrstæðar þegar atvik máls gerðust. Með nefndum gögnum fylgir fjöldi ljósmynda.

6. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var brotþoli eftir bráðaaðgerðir á umdæmissjúkrahúsinu í ... fluttur með sjúkraflugi á Landspítala í Reykjavík (LSH) þar sem hann gekkst undir aðgerðir, en vikið verður að því síðar.

7. Brotþoli var yfirheyrður af lögreglu á Landspítalanum, þann 12. júlí sl., og þá um helstu málsatvik. Við skýrslugjöfina skýrði brotþoli m.a. frá því að hann hefði aðeins þekkt ákærða í sjón en haft vitneskju um að hann hefði áður verið í nánú sambandi við unnustu hans, E, og þá jafnframt að hún hefði þá um vorið slitið stuttri sambúð þeirra. Brotþoli kvaðst jafnframt hafa haft vitneskju um að á milli konunnar og ákærða væru tiltekin ættartengsl, en einnig haft af því spurnir að eftir slitin hefði ákærði verið með hótanir við konuna.

Við nefnda yfirheyrslu skýrði brotþoli frá því að miðvikudaginn 10. júlí sl., um miðnættið, hefði hann setið við borð í stofu á heimili sínu og spilað tölvuleik á netinu við félagasinn. Er þetta gerðist hafi hann nýverið verið búinn að aflæsa útidyrahurðinni, enda hafði hann átt von á unnustu sinni, sem þá hefði verið að ljúka vaktavinnu. Við nefndar aðstæður hafi hann heyrt umgang í íbúðinni, en síðan séð hvar ákærði kom í áttina til hans inn ganginn. Brotþoli skýrði frá því að er þetta gerðist hefði verið skuggsýnt, enda ljósin ekki verið tendruð í íbúðinni. Hann hafi ávarpað ákærða, en er ákærði hafi gengið nær hefði hann staðið upp úr stólnum og þá séð að ákærði hélt á hnífi í hægri hendi, sem hann otaði að honum. Vegna þessa hafi hann brugðist við og tekið í hægri hönd ákærða, en bar að þá hefði ákærði fyrirvaralaust komið með vinstri höndina og stungið öðrum hnífi, sem hann hafi haldið á í þeirri hendi, í háls hans.

Við skýrslugjöfina lýsti brotþoli varnarviðbrögðum sínum eftir þetta, en einnig ítrekuðum hnífstungum ákærða, sem hann sagði að ekki hefði linnt fyrr en hann hefði náð að ýta honum frá sér, en í framhaldi af því hefði hann hlaupið út úr húsinu. Þrátt fyrir

mikinn blóðmissi hafi honum tekist að hlaupa að húseign nágranna síns, vitnisins B, og náð að gera vart við sig.

Brotapoli skýrði frá því að við hinar síðastgreindu aðstæður hafi hann séð til ferða ákærða þar nærri og bar að hann hefði þá enn haldið á hnífunum tveimur, en af þeim sökum hefði hann falið sig við bifreið á bifreiðastæðinu. Við þessar aðstæður hafi hann að nokkru fylgst með gjörðum ákærða og þar á meðal er hann hefði gengið frá húsinu og jafnframt er hann hefði sleppt hnífunum.

Við yfirheyrsluna lét brotapoli það álit í ljós að ákærði hefði í greint sinn haft í hyggju að ráða bæði hann og unnustu hans af dögum.

8. Við rannsókn lögreglu var tekin ítarlegri skýrsla af áður nefndu vitni, B, þann 11. júlí nefnt ár, en sama dag var einnig tekin skýrsla af vitninu F, fæddum [...], sem er spilafélagi brotþola. Að auki voru teknar lögregluskýrslur af vitninu E svo og móður hennar, vitninu G, þann 12. og 16. júlí sama ár, en þær eru báðar tengdar ákærða ættarböndum. Loks var ákærði tvívegis yfirheyrður um kæruefnið, þann 11. og 30. júlí sl., að vistöddum tilnefndum verjanda sínum, sem síðar var skipaður til starfans fyrir dómi.

9. Fram kom hjá vitninu F að það hefði verið heima við umrætt kvöld, að spjalla og spila tölvuleik á netinu við kunningja sinn, brotþola. Vitnið bar að klukkan hafi verið liðlega 23 þegar þeir hafi ákveðið að spila síðasta leikinn, enda báðir átt að mæta til vinnu kl. 06 þá um morguninn. Vitnið bar að á meðan á þessum leik stóð hefði verið líkast því sem einhver hefði brugðið brotþola þar sem vitnið hafi heyrt hann segja: „Úff“ en í framhaldi af því hafi það heyrt brothljóð. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa ályktað að hundur brotþola hefði komið þarna við sögu, en að auki hafi það heyrt brotþola segja: „What a fuck.“ Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt frekara hljóð, en bar að brotþoli hefði ekki svarað netskilaboðum.

Fram kom hjá vitninu G að það hefði verið búsett erlendis til margra ára þegar atvik máls gerðust, en hefði verið í síma- og netsamskiptum við ákærða, þ. á m. á tímabilinu frá nóvember 2018 til 8. júlí 2019. Fram kom einnig að ákærði hafði tjáð sig í trúnaði við vitnið, en við þær aðstæður á stundum haft í frammi hótunarorð um dóttur vitnisins, E, og að vitnið hefði við slík tækifæri ráðlagt honum að leita sér aðstoðar.

Fram kom við lögreglu yfirheyrslu vitnisins E að það og ákærði hefðu verið í ástarsambandi frá hausti 2017 og að hann hefði um tíma búið í íbúð hennar, þ.e. frá vori 2018 og allt þar til í janúar 2019, en að þá hefði vitnið viljað slíta sambandi þeirra og því hafi ákærði flutt út og í eigin íbúð, að [...]. Vitnið bar að hinu nána sambandi þeirra hefði endanlega lokið í apríl nefnt ár, en um það leyti hafi vitnið byrjað samband sitt við brotapolu, sem síðar hefði leitt til þess að þau hefðu orðið kærustupar. Vitnið sagði að eftir hin endanlegu slit hefði ákærði viðhaft hótanir gagnvart því og fullyrti að hótunarorðin og viðmótið hefði magnast þegar leið á sumarið.

Við fyrri yfirheyrsluna hjá lögreglu greindi ákærði frá því að hann hefði umrætt kvöld verið einsamall í leiguíbúð sinni að [...]. Hann hefði horft á kvikmyndir og drukkið bjór, en ætlaði að fyrr um daginn hefði hann farið á tónleika og þá í tengslum við hátíð sem haldin var í bæjarfélaginu.

Við yfirheyrsluna lýsti ákærði yfir minnisleysi um gjörðir sínar umrætt kvöld, að öðru leyti en því að hann hefði farið út úr íbúðinni til þess að reykja. Hann kvaðst aðeins minnast þess að hann hafi verið nærri [...] við [...] og að hann hafi á þeirri stundu haldið á hnífum í sitthvorri hendinni. Við þessar aðstæður hafi hann enn fremur veitt því eftirtekt að hendur hans voru blóðugar, en einnig hnífarnir og því hefði hann sleppt þeim og þeir þá báðir fallið til jarðar. Í framhaldi af þessu hefði hann haldið för sinn áfram, en þá verið handtekinn af lögreglu. Ákærði kvaðst vera örvhentur, en bar að þrátt fyrir það notaði hann hægri höndina frekar.

Við nefnda yfirheyrslu kvaðst ákærði aðeins hafa þekkt ákærða í sjón og bar að hann hefði ekkert átt sökótt við hann eða viljað honum illt. Ákærði staðfesti ættartengslin við konuna E og kannaðist jafnframt við að þau hefðu leigt saman íbúð um tíma.

Við síðari lögreglu yfirheyrsluna, þann 30. júlí sl., áréttaði ákærði minnisleysi sitt um eigin gjörðir umrætt kvöld, en aðspurður af rannsakara játaði hann að hafa stungið brotapolu með hnífi. Ákærði áréttaði fyrri frásögn um gjörðir sínar umrætt kvöld, að hann hefði verið að horfa á kvikmyndir og drekka bjór. Þá kvaðst ákærði minnast þess að hafa verið fyrir utan húseignina [...] og að hann hafi á þeirri stundu haldið á eldhúshnífunum sínum og verið alblóðugur. Vísaði ákærði til þess að hann hefði eftir hina fyrri yfirheyrslu lögreglu kynnt sér rannsóknargögn, þ. á m. framburðarskýrslu brotapolu, og bar að atburðarásin hefði rifjast upp fyrir sér að nokkru. Ákærði kvaðst þannig minnast þess að hafa verið í anddyrinu á heimili brotapolu, að brotapolu hafi þá setið við tölvu og að hann

hafi kastað á hann kveðju og að þeir hefðu verið í augnsambandi. Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki hafa getað rifjað upp neitt um atburðarásina eftir þetta og þá ekki að hann hefði við lýstar aðstæður stungið brotþola með hnífum, aðeins að hann hefði verið með hnífana tvo fyrir utan heimilið og áréttaði að skömmu síðar hefði hann verið handtekinn. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa verið í samskiptum við aðra aðila í greint sinn.

Aðspurður af rannsakara staðhæfði ákærði að á liðnum árum hefði það margoft gerst við áfengisdrykkju hans að hann hefði misst minnið. Ákærði áréttaði að lokum fyrri orð sín þess efnis að hann hefði ekki verið með hugleiðingar, ranghugmyndir eða áform um að gera brotþola eða öðrum mein og þá ekki í kjölfar sambúðarslita hans við fyrrnefnda konu.

Ákærða voru við yfirheyrslu lögreglu kynntar skýrslur brotþola og vitnisins B, en hann kvaðst ekki minnst atburðarásarinnar frekar. Að auki var ákærða kynntur framburður mæðgnanna G og E.

Við hina síðari lögregluyfirheyrslu, sem var ítarleg, greindi ákærði frá högum sínum, þ. á m. misserin á undan lýstum atburði. Skýrði ákærði m.a. frá því að hann hefði á nefndu tímabili átt við mikla vanlíðan að stríða og þá ekki síst vegna kvíða, svefnleysis og einmanaleika, en einnig ranghugmynda um konuna E. Ákærði sagði og að hann hefði fundið til særinda og reiði í garð konunnar og þá vegna slita hennar á leynilegu árs ástarsambandi þeirra þá um vorið. Ákærði bar að slitin hefðu átt sér stað í byrjun þessa árs, eftir um sex mánaða eiginlega sambúð, en í kjölfarið hefði hann flutt í fyrrnefnda leiguíbúð.

Nánar aðspurður kannaðist ákærði við að hann hefði í kjölfar sambúðarslitanna sent konunni, en einnig móður hennar, ógnandi skilaboð á netinu, sbr. að því leyti það sem tíundað verður hér að neðan. Þá kvaðst hann í tvígang hafa sent brotþola klúrt myndskeið, en að auki verið með ógnandi hegðan gagnvart nefndri konu. Ákærði staðhæfði aftur á móti að öll nefnd skilaboð hefði hann aðeins sent í öläði, en þar að auki hefði hann eytt þeim daginn eftir, enda engin hugsun staðið þar að baki.

Ákærði skýrði frá því að vegna eigin vanlíðunar og hegðunar hefði hann leitað sér lækniástoðar og bar að í framhaldi af því hefði hann verið lagður inn á sjúkrahús í skamman tíma, í júnímánuði. Vegna þessa hefði hann fengið ávísað viðeigandi geðlyfjum, en bar að hann hefði misnotað þau, þvert gegn ráðum lækna, og þá m.a. neytt áfengis samhliða töku þeirra, líkt og hann hefði gert að kveldi miðvikudagsins 10. júlí sl.

Nefndar yfirheyrslur lögreglu voru teknar upp með hljóði og eru viðeigandi gögn þar um á meðal málgagna.

10. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var leitað netskilaboða í síma vitnisins E og þá frá ákærða. Segir í gögnum að slík skilaboð hafi m.a. verið frá 15. janúar 2019, en efnið hafi varðað nefnd sambúðarslit þeirra og enn fremur ástarjátningu ákærða. Að auki er tíunduð í skilaboðum frásögn ákærða í júnímánuði þess efnis að hann hefði leitað sér læknishjálpar og fengið ávísað lyfjum vegna kvíða og ofhugsunar, og að hann hefði í framhaldi af því haft orð á því að líðan hans hefði batnað. Að auki eru svofelld skilaboð frá ákærða til vitnisins tíunduð í gögnum lögreglu, dagsett 5. júlí nefnt ár: „*Fer a [...] (skemmtistaður) í kvöld, ef þú lætur sjá þig þá sting ég þig.*“

Við rannsókn málsins leitaði lögreglan einnig netskilaboða frá ákærða, sem hann hafði sent til vitnisins G. Segir frá því að við athugun hafi slík skilaboð aðallega verið frá byrjun sumars 2019 og að þau hafi varðað samband hans við dóttur vitnisins, E, en einnig hafi komið fram skilaboð frá vitninu þar sem það hafi verið að ráðleggja ákærða að leita sér aðstoðar hjá sálfræðingi og heimilislækni vegna andlegrar vanlíðunar og reiðitilfinninga.

Í gögnum lögreglu er vísað til netskilaboða ákærða eftir nefnda sjúkrahúsvist. Þannig er getið um skilaboð hans frá 7. júlí þar sem hann hafi sent boð til vitnisins G, að sögn ölvaður, og að efni þeirra hafi verið að vilji hans stæði til þess að dóttir vitnisins, E, léti fjölskyldu hans í friði; „*eða það gerast verulega slæmir hlutir.*“ Jafnframt ráðleggur ákærði í öðrum skilaboðum til vitnisins að það skili því til dóttur sinnar og brotþola að þau eigi að flytja; „*... eða ég geri hluti sem verður ekki dregið til baka ... já, best að skjóta þau bæði, takk . djók.*“ Þessu til viðbótar viku ákærði að því að dóttir vitnisins hafi sært hann og segir m.a.: „*... er bara ekki búinn að ákveða hvernig ég get eyðilagt hana sem mest. Annað en að skjóta nýju ástina hennar og hana eftir á ... er ekki að grínast, þessi lyf eru að gera shit.*“

Í skilaboðum sem ákærði sendi þann 8. júlí kemur fram að hann hafi tekið sér viku frí og hafi verið að neyta áfengis en ætli sér að taka þátt í vertíðinni sem hefjist 20. júlí nefnt ár.

11. Samkvæmt rannsóknargögnum var ákærði færður á lögreglustöðina á [...] umræddan morgun, en síðar þann dag var hann færður á lögreglustöðina á [...] og í

framhaldi af því fyrir dóm þar sem lögreglustjóri hafði uppi kröfu um gæsluvarðhaldsvistun. Síðar þennan dag, 11. júlí 2019, var ákærði með dómsúrskurði úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem hefur verið framlengt æ síðan. Í kjölfar úrskurðarins var ákærði fluttur í fangelsið á Hólmsheiði, en í framhaldi af því voru tekin af honum viðeigandi fingraför og lífsýni.

12. Samkvæmt gögnum var tekið blóðsýni úr ákærða á lögreglustöðinni í [...], kl. 01:04, aðfaranótt 11. júlí sl., vegna áfengis- og lyfjarannsóknar, og eru í því sambandi sérstaklega tiltekin lyfin Sobril, Fluoxetin Mylan og Quetiapine.

Samkvæmt matsgerð H, sviðsstjóra hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, sem dagsett er 16. júlí 2019, fundust eftirfarandi efni í blóðsýni ákærða: Alkóhól: 1,65%, Flúoxetín: 30 ng/ml og Norlúoxetín: 60 ng/ml. Nánar segir í matsgerðinni: „*Flúoxetín er þunglyndislyf og norflúoxetín er umbrotsefni þess. Styrkurinn í blóðinu er eins og eftir töku lyfsins í lágum lækningalegum skömmtum. Hlutadeigandi er einnig ölvaður, þegar sýnið er tekið. Fluoxetín getur haft slævandi áhrif og aukið þannig á ölvunaráhrif.*“

Samkvæmt gögnum var tekið blóðsýni úr brotþola umrædda nótt, kl. 01:20. Samkvæmt matsgerð nefndrar rannsóknastofu, dags. 16. júlí, mældust 0,12% alkóhóls í blóðsýninu.

13. Í málinu liggur fyrir réttarlæknisfræðileg skýrsla frá Landspítala um ákærða, sem dagsett eru 8. ágúst 2019. Skýrslan er rituð af I réttarmeinafræðingi, að beiðni lögreglu og þá vegna ætlaðrar árásar hans „*gegn öðrum manni með hnífi eða hnífum ... þann 10/7. 2019.*“

Í skýrslunni segir m.a. að við skoðun ákærða, þann 12. júlí sl., hafi sést á hægri; „*griplim og þá efst á rétthlið grunnkjúku löngutangar ... 0,3 cm löng niðurávið bogadregin, þunn, rauðleit sárskorpa.*“ og „*efst á rétthlið grunnkjúku baugfingurs ... línulaga, 0,5 cm löng sárskorpa sem er rauðleit.*“

Í skýrslunni segir einnig að á vinstri griplim á; „*handarbakinu, u.þ.b. 2 cm ofan við annan grunnhnúann sést dropalaga, þverlægt sár sem mælist 0,6 cm að lengd og 0,3 cm að breidd og hvers mjói endi veit að þumlinum. Sárið er statt í byrjanda gróanda en brúnir þess eru beinar og líklega skarpar.*“

Þá segir í skýrslunni að á vinstri ganglim hafi á „*innanverðu aftanverðu hnénu sést 4x3 cm stór, órgegglulega löguð, blágrá litabreyting með óskýrar útlínur.*“

Um tilurð lýstra áverka segir nánar í skýrslunni:

„*Útlit sársins á vinstra handarbakinu ... bendir til þess að það hafi orðið við skarpan skerandi kraft eða skarpan stingandi kraft í formi samstuðs við egghvassan hlut t.d. hnífsodd eða hluta með áþekka eiginleika.*

Útlit sáranna á hægri handarbakinu ... bendir mögulega til þess að þau hafi orðið við skarpan kraft í formi snertingar við hvassa egg.

Útlit sársins ... á vinstra handarbakinu bendir til þess að það hafi orðið fyrir við skröpun gagnvart hörðum kanti eða oddi.

Allir ofannefndir áverkar samræmast því að hafa orðið við beitingu og/eða handfjötlan hnífs eða hnífa. ...

Útlit og staðsetning marsins ... á vinstra hnénu aftanverðu getur bent til þess að krafturinn hafi beinst að svæðinu sem við spark eða annars manns. ...

Áverkarnir voru ekki lífshættulegir og munu gróa án varanlegra meina.“

Í skýrslunni segir að lokum að útlit ofangreindra áverka hafi samrýmst því að þeir hafi orðið til á þeim degi sem lögreglan hafi vísað til. Í skýrslunni er vikið að öðrum minni háttar áverkamerkjum á líkama ákærða, en tekið er fram að þau séu öll eldri.

14. Samkvæmt rannsóknarskýrslum voru við frumrannsókn lögreglu tekin lífsýni af höndum ákærða, en einnig af fötum hans, en þar var um að ræða gráan bol, bláköflotta skyrtu, svartar gallabuxur og gráan frakka. Að auki voru tekin lífsýni af fatnaði brotþola, af fyrrnefndum hnífum og loks á vettvangi, þ.e.a.s. í og við fyrrnefndar húseignir.

Hin haldlögðu gögn voru ljósmynduð, en það var niðurstaða frumrannsóknarinnar að til staðar væru tilteknir blettir á hinum haldlögðu munum, og að sýni úr þeim hefðu þannig gefið jákvæða svörun í for- og staðfestingarprófum sem mennskt blóð. Á hinn bóginn reyndust fingraför, sem hafði verið lyft, ónothæf til samanburðar.

15. Í sérstakri skýrslu rannsakara um rauðköflotta skyrtu, sem brotþoli hafði íklæðst að kveldi 10. júlí, segir að við rannsókn á henni hafi fundist tíu nánar tilgreind göt. Það hafi verið niðurstaðan að átta þeirra gætu samrýmst því að um hafi verið að ræða „stungugöt eða skurði eftir eggvopn.“ Að þessu leyti er í rannsóknargögnum vísað til fjölda ljósmynda.

16. Í skýrslu rannsakara er vikið að tveimur hnífum, sem lögregla haldlagði nærri vettvangi.

Um hníf, sem merktur er nr. 491240, segir: Heildarlengd: 22,6 cm. Lengd blaðs: 12,5 cm. Lengd skeftis: 10,1 cm. Þyngd: 62,24 g. Mesta breidd blaðs: 2,1 cm.

Um hníf, sem merktur er nr. 491241, segir: Heildarlengd: 18,5 cm. Lengd blaðs: 8,5 cm. Lengd skeftis: 10 cm. Þyngd: 54,02 g. Mesta breidd blaðs: 2,1 cm.

17. Í skýrslum og greinargerðum sérfræðinga og rannsóknarlögreglumanna hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, þ. á m. J og K, dagsettum 30. júlí, 12. og 13. ágúst, 11. september og 9. október 2019, er gerð ítarleg grein fyrir meðferð á hinum haldlögðu munum svo og á þeim sýnum sem tekin höfðu verið á vettvangi, við og í áðurgreindum húseignum, þ. á m. vegna DNA-greiningar.

Í skýrslu fyrrnefnds sérfræðings er lýst meðferð sýnanna, en fyrir liggur að þau voru send til rannsóknar, ásamt samanburðarsýnum úr ákærða og brotþola og tveimur öðrum aðilum, þann 9. ágúst sl., til greiningar hjá rannsóknastofunni Nationellt forensiskt centrum (NFC) í Linköping í Svíþjóð. Niðurstöðum rannsóknastofunnar er lýst í skýrslu hennar, sem dagsett er 5. september sl., en í skýrslu og greinargerð hins íslenska sérfræðings, sem dagsett er 9. október sama ár, segir m.a.:

Sýni af hnífum:

„Send voru fjögur sýni, sem varðveitt voru af tveim hnífum, tvö sýni af hvorum hníf. Greining á sýni merktu 491240-1, sem varðveitt var af blaði hnífs I, leiddi í ljós að DNA snið sýnisins var eins og DNA snið brotþola, A. Greining á sýni merktu 491240-2, sem varðveitt var af skefti hnífs I, leiddi í ljós að í sýninu var blanda DNA sniða frá a.m.k. tveim einstaklingum. Það DNA snið, sem var í meirihluta í sýninu, var eins og DNA snið brotþola, A, en það DNA, sem var í minnihluta var ekki hægt að samkenna við einstakling.

Greiningar á sýnum merktum 491240-1 og 491240-2, sem varðveitt voru af skefti og blaði hnífs II leiddu í ljós að bæði höfðu sama DNA snið, og var það snið eins og DNA snið brotþola A.“

Fatnaður grunaðs, X:

„Send voru til rannsóknar fjögur sýni, sem varðveitt voru af buxum og frakka grunaðs. Frumrannsókn á sýni merktu 491243-1, sem varðveitt var af framhlið buxna, sýndi að blóð var til staðar í sýninu, en greining á því gaf ekki niður[s]töður þar sem ekki kom fram DNA sem hægt var að samkenna við einstakling.“

Greiningar á öðrum sýnum, sem varðveitt voru af bakhlið buxna svo og fram- og bakhlið frakka, leiddu í ljós að öll sýnin höfðu sama DNA snið, og var það snið eins og DNA snið brotaþola, A.“

Fatnaður brotaþola, A:

„Send voru til rannsóknar þrjú sýni, sem varðveitt voru af buxum, bol og skyrtu brotaþola. Greining á sýnunum leiddi í ljós að öll sýnin höfðu sama DNA snið, og var það snið eins og DNA snið brotaþola sjálfs.“

Sýni frá vettvangsrannsókn að [...]:

„Send voru til rannsóknar þrjú sýni, sem varðveitt voru við vattvangsrannsókn. Greining á sýnunum leiddi í ljós að öll sýnin höfðu sama DNA snið, og var það snið eins og DNA snið brotaþola, A.

Sýni af höndum grunaðs, X:

„Sent var eitt sýni, sem varðveitt var af höndum grunaðs. Greining á sýninu leiddi í ljós að í sýninu var blanda DNA sniða frá a.m.k. tveim einstaklingum. Það DNA snið, sem var í meirihluta í sýninu, var eins og DNA snið brotaþola, A. Það DNA sem var í minnihluta í sýninu var ekki unnt að samkenna við einstakling.“

Lokaorðin í skýrslunni eru þessi:

„Send voru til rannsóknar 15 sýni, sem varðveitt voru við vettvangsrannsókn, svo og við rannsóknir á tveim hnífum og fatnaði grunaðs og brotaþola ásamt stroksýni af höndum grunaðs.

Frumrannsókn á sýnunum staðfesti að blóð var til staðar í þeim öllum og voru þau þá rannsökuð áfram og þau greind með DNA greiningaraðferðum.

Greining á einu sýni, sem varðveitt var af framhlið buxna grunaðs, merkt 491243-1, gaf ekki niðurstöður þar sem ekki kom fram DNA sem hægt var að samkenna við einstakling.

Greiningar á öllum öðrum sýnum leiddu í ljós að öll sýnin höfðu sama DNA snið, og var það snið eins og DNA snið brotþola, A.

Í tveimur sýnum, merktum 491240-2 (hnífur I, skefti) og 491256 (strok af höndum grunaðs), kom fram viðbótar DNA, en í báðum sýnum reyndist það ekki nægilegt til að samkenna við einstakling.“

18. Í skýrslu K rannsóknarlögreglumanns, dags. 23. ágúst 2019, um blóðferlagreiningu í fasteigninni [...], segir að fyrir vettvangsferð hafi rannsakarinn fengið upplýsingar frá D lögreglufulltrúa um ætlaða atburðarás, þ. á m. samkvæmt framburði brotþola. Í skýrslunni er vettvangi lýst, þ. á m. með ljósmyndum, og er sérstaklega vikið að svokölluðum frákastblettum, blóðspýtingarferlum og dropaferlum, þ. á m. á stofuvegg nærri hurðargati að gangi, ljósarofa og rafmagnsgítar, sem stóð upp við vegginn. Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir:

„Blóðferlar á vettvangi eru í rökréttu samhengi við framburð brotþola um málsatvik. Upphafsstaður atlögu gegn brotþola er í stofu íbúðarinnar framan við skrifborð og tölvu sem þar er. Óslitin blóðslóð er frá stofugólfinu, fram á forstofuganginn og eftir honum til suðurs, að anddyri íbúðarinnar og út á veröndina. Óslitin blóðslóð liggur niður stigapall verandar, yfir lóðina að [...], þar sem komið var að brotþola með blæðandi áverka eftir eggvopn.“

19. Af hálfu lögreglu var við rannsókn málsins óskað eftir læknisvottorðum um áverka brotþola við komu á umdæmissjúkrahúsið í ... um miðnættið 11. júlí 2019. Einnig var óskað eftir vottorðum sérfræðilækna Landspítala.

Af hálfu héraðssaksóknara var beiðnin til Landspítala að nokkru áréttuð eftir að mál þetta hafði verið þingfest fyrir dómi. Af þessu tilefni liggja fyrir vottorð og læknabréf um brotþola, en einnig umfangsmiklar aðgerðalýsingar. Að auki liggja fyrir aðrar sérfræðiskýrslur sem aflað var af hálfu rannsóknaraðila.

III.

1. Í staðfestu læknabréfi L, skurðlæknis við Heilbrigðisstofnun Austurlands, með aðsetur á umdæmissjúkrahúsinu í ..., dagsettu 11. júlí, sbr. einnig staðfest vottorð M, sérfræðings í heimilislækningum við sömu stofnun, dags. 15. júlí 2019, er greint frá því að sjúkrabifreið hafi farið í útkall vegna brotþola að kveldi 10. júlí, kl. 23:51.

Skráð er í vottorði skurðlæknisins að hann hafi verið upplýstur af sjúkraflutningamönnum um að hinn slasaði, brotaþoli, hefði orðið fyrir árás á heimili sínu og að mikið blóð hefði verið á vettvangi, en einnig að þeir hefðu veitt því athygli að hann var með púlserandi blæðingu úr hálsi á leiðinni á sjúkrahúsið.

Í vottorðinu segir að skurðlæknirinn hafi ekki séð fyrrnefnda blæðingu frá sári á hálsi brotaþola, en hann lýsir ástandi hans við komu á sjúkrahúsið þannig:

„Litarháttur öskugrár, hjartsláttarhraði 100/mínútu og blóðþrýstingur 80/- og súrefnismettun 90 – 96%.“

Í læknisvottorði M er vísað til vottorðs skurðlæknisins, sem er á ensku, og þá þannig í íslenskri þýðingu:

„Þá lýsir hann stungusárum framan á hálsi nærri barka, en fann þar hvorki merki um loftleka né virka blæðingu. Við barkaþræðingu nokkrum mínútum eftir komu á sjúkrahúsið varð ekki vart blóðs inni í barka.

Stungusár var hæ. megin framan á brjóstkaða.

Stórt stungusár aftarlega á hæ. síðu rétt undir rifjaboga og þar virk blæðing.

Stungusár hæ megin í mjaðmargrindarhæð en þar ekki virk blæðing.

Stór stungusár aftan á hæ. upphandlegg en ekki mikil blæðing þar.

Skurður á milli þumals og vísifingur á vi hönd án virkrar blæðingar.“

Um staðsetningu lýstra áverka segir m.a. í vottorðunum tveimur að stungusárið á hálsi brotaþola hafi verið nærri stórum slagæðum, bláæðum og barka. Þá hafi stungusárið á hægri síðu, neðan rifjabogans, verið nærri lifur brotaþola. Þá segir að sneiðmyndarannsókn hafi sýnt að blætt hafði inn í brjósthol brotaþola, en við skoðun og síðari rannsóknir hafi hins vegar ekki fundist merki um innvortis áverka.

Greint er frá því að eftir fyrstu skoðun og rannsókn skurðlæknisins hafi brotaþoli borið greinileg merki um að hafa misst umtalsvert blóð og segir frá því að hann hafi af þessum sökum verið í yfirvofandi lífshættu, og því hafi strax þurft að grípa til viðeigandi ráðstafana. Hafi brotaþoli verið barkaþræddur og svæfður, en að auki hafi verið settir upp tveir æðaleggir. Þannig hafi brotaþoli verið gefið blóð og vökvi vegna blóðmissisins og vegna einkenna um yfirvofandi lostástand. Að auki hafi verið settur brjóstholskerfi á brotaþola (slinga sem sett er í gegnum brjóstvegginn og inn í brjósthol til að veita út blóði og öðrum vökva), og þá vegna fyrrnefndrar sneiðmyndarannsóknar, og er greint frá því að strax hafi komið m.a. blóð út um drennið.

Í vottorði sínu segir nefndur skurðlæknir að auk ofangreinds hafi brotaþola verið gefið súrefni, ásamt því að blæðingar hafi verið stöðvaðar, en einnig hafi verið gerð kviðskolun, en án merkja um áverka. Að því loknu hafi verið gengið frá sárum hans, en í beinu framhaldi af því hafi hann verið sendur í sjúkraflugi til Reykjavíkur til frekari greiningar og meðhöndlunar á Landspítala (LSH). Skurðlæknirinn getur þess að fyrir brottförina með sjúkraflugvélinni hafi brotaþoli fengið alls fjórar einingar af blóði.

2. Í vottorðum og aðgerðalýsingum þeirra sérfræðilækna á Landspítala (LSH), sem önnuðust brotaþola á gjörgæsludeild, er sárum hans lýst þannig:

- S10.9 Yfirborðsáverki á hálsi*
- S21.9 Opið sár á brjóstakassa*
- S61.7 Mörg opin sár á úlnlið og hendi vinstra megin*
- S66.4 Áverki á innvöðva og sin þumals við úlnlið og hönd vinstra megin.*
- S41.7 Mörg opin sár á öxl og upphandlegg hægra megin*
- S46.7 Áverki á mörgum vöðvum og sinum við öxl og upparm hægra megin*
- S31.7 Mörg opin sár á kvið, mjóbaki og mjaðmagrind*
- S39 Áverki á vöðva og sin í kvið, mjóbaki og mjaðmagrind*
- S27.0 Áverkaloftbrjóst*

Þá er í sérfræðigögnum greint frá því að í tölvusneiðmynd á Landspítalanum hafi eftirfarandi komið fram um áverka brotaþola:

- 1. Dreift loft undir húð á brjóstholi og kvið og stór geil með blæðingu aftan á baki hægra megin. Töluvert loft undir húð framan á barka.*
- 2. Frítt loft og vökvi í kviðarholi.*
- 3. Fleiðurvökvi og minniháttar loftbrjóst hægra megin.*

3. Í staðfestu vottorði N, sérnámslæknis í skurðlækningum á hjarta- og lungnaskurðdeild LSH, dags. 18. október 2019, er áverkum brotaþola nánar lýst við komu á gjörgæsludeild þannig:

„Hann er með ca. 3 cm sár framan á hálsi, neðan barkakýlis. Ekki unnt að meta nægilega dýpt skurðarins við skoðun uppi á gjörgæslu. Hann er með gríðarstórt skurðsár á hægri upphandlegg aftanverðum og virðist tricepsvöðvinn vera að miklu leyti í sundur. Hann er með ca. 6-7 cm sár á hægri flanka (svæði milli rifjaboga og mjaðmakambs) og

eru vöðvar þar í sundur. Hann er með lítil 1 cm sár á hægri mjaðmarkambi framarlega, sem ekki er djúpt.“

Um alvarleika greindra áverka og þær aðgerðir sem gripið var til segir í samantektarkafli nefnds vottorðs, en sú lýsing er einnig í samræmi við lýsingu O, sérfræðilæknis í háls-, nef- og eyrnalækningum, samkvæmt framlögðum aðgerðarlýsingum LSH:

a. Loftbrjóst og blæðing á fleiðurhol:

„Lífshættulegur áverki, alls voru 5 stungusár á baki og eitt þeirra náði inn í fleiðurhol. Mikil blæðing en fékk blóðgjöf á ... og dren. Frekari inngripa var ekki þörf, lokað fyrir dren á öðrum degi legu og það fjarlæggt. Þá ekki lengur merki um loft eða blæðingu í fleiðru. Ætti að ná sér að fullu af þessum áverka og ekki búist við afleiðingum til framtíðar.“

b. Stungusár við barka:

„Var skoðað í svæfingu á skurðstofu, úr aðgerðarlýsingu: „Þannig ekki nein augljós merki um skaða á pharynx eða larynx eða trachea (þ.e. koki, barkakýli og barka). Ekki merki um haematom. Sárið á hálsi er saumað í tveimur lögum en það mælist um 2 cm að stærð“. Ekki lífshættulegur áverki en það munaði litlu að hnífurinn hefði lent í öndunarvegi, hefði þá túlkast sem lífshættulegur áverki. Sár var saumað á skurðstofu við komu og saumar fjarlægðir 12 dögum síðar, góður gróandi í sári skv. nótu hjúkrunarfræðings á göngudeild. Ekki búist við afleiðingum til framtíðar af þessum áverka. Hefur náð sér að fullu vegna þessa sárs.“

c. Grunur um áverka innan kviðarhols á sneiðmynd.

„Ekki klínískur grunur um kviðarholsáverka og neikvæð skolun kviðarhols á ..., þannig metið að ekki væri líklegt að um áverka innan kviðarhols væri að ræða. Sjúklingur kenndi sér ekki meins sem mætti rekja til kviðarholsáverka í leggunni á LSH.“

4. Áverkum brotápola á hendi, upphandlegg, á svæðinu milli rifjaboga og mjaðmakambes er lýst í áverkavottorðum og umfangsmiklum læknabréfum bæklunarlækna.

5. Í staðfestu vottorði P, sérfræðings í bæklunarlækningum, dags. 30. september sl., er lýst áverka brotþola á upphandlegg og á svæði við mjaðmakamb, en þar um segir m.a.:

„Undirritaður kom að skoðun og lokun á djúpum skurðáverkum á hliðlægum hluta hægri upphandleggjar í axlarvöðva fellingu. L-laga nokkuð hreint skurðsár þar sem hver leggur er um 8 cm langur. Djúpur vöðvaáverki sjáanlegur. Einnig lítið um 1.5 cm stungusár rétt neðan og aftanvið. Ekkert er vitað um stöðu tauga og æða í handlegg neðan við ákverka en þó góður púls í sveifarslagæð, rjóður, heitur útlumur.

Sárið er skoðað nánar eftir þvott og dúkun. Sárið fer gegnum húð, undirhúð og bandvefsfell. Að framanverðu er heill tvíhöfði og heil djúp vöðvafell tvíhöfða. Undir tvíhöfða og í miðju sári er megnið af því sem virðst vera viðbeins- og axlarhrynuhluti klofinn þvert á þráðstefnu í dýpið en ekki opið niður á beinhimnu. Axlartaug er ekki sjáanleg og m.t.t. hefðbundinnar legu er hún í heilum vef nærlægt við áverka. Arms- og höfuðsbláæð er ekki sjáanleg og liggur hún líklega volart í heilum vef. Engin virk blæðing. Hlutaáverki á hliðlægum hluta þríhöfða aftast í skurðsári.

Skola sárið ríkulega með saltvatni. Legg saman vöðvavef með vicryl og einnig vöðvafell þannig að vöðvavefur liggur nær edlilega saman. Vicryl þráður í undirhúð, ethilon stakir saumar í húð. Grisjuumbúðir.

Einnig kom undirritaður að viðgerð og lokun djúps sárs yfir mjaðmakambi sem gekk inn að hryggjarbol L3-L4 líklega. Ekki opin lífhimna og því skolað og lokað í lögum.

Gangur:

Ráðlögð saumataka í heimahéraði að 10-14 dögum liðnum. Leyfð frí hreyfing og létt álag innan verkjamarka. Eftirlit í heimahéraði með ráðleggingum héðan eftir þörfum. Undirritaður hefur ekki séð sjúkling síðan.“

6. Í staðfestu vottorði R, bæklunarlæknis og sérfræðings í handaskurðlækningum, dags. 22. október sl., segir m.a.:

„Hafði fengið upplýsingar um að hann hefði orðið fyrir árás með eggvopni og sennilega einhverskonar sveðju. Áverkar þeir sem voru á vinstri hendi þannig að þeir gátu vel samrýmst árás með sveðju eða stórum hníf. Lýsi í aðgerðarlýsingu sári á vinstri greip á milli þumals og vísifingurs sem hefur útlit eins og varnarsár. Þar að auki fleiðursár á vísifingri og þumli.

Við skoðun á skurðstofu með eðlilegan tónus í bæði beygju- og réttisinum fingranna. Í svæfingu og stasa var skoðað í sárið og fór skurðurinn niður í gegnum vöðva í greipinni (interosseous vöðva og að hluta í adductor pollicis) Í jaðri sársins mátti sjá í taugastrengi út í þumalhlið vísifingurs og vísifingurshlið þumalsins. Ekki sjáanlegir ákverkar á taugarnar en líklegt að þær hafi fengið högg- eða marningsáverka sem gæti hugsanlega leitt til tímabundinnar dofatilfinningar á viðkomandi svæði fingranna.

Þeir vöðvar sem skaddaðir voru saumaðir og síðan lokað í húð.

Ekki var þörf á neinni sérhæfðri eftirmeðferð umfram sáraeftirlit og saumatöku á 10. – 14. degi. Í sumum tilfellum þarf einhverja hjálp við hreyfipjálfun eftir þessa tegund af áverka.

Hér að framan fór lýsing á þeim áverkum sem undirritaður sá um meðferð á. Þeir áverkar teljast ekki alvarlegir (handaráverki á vinstri hendi) og mjög óverulegur hluti af þeim áverkum sem hann varð fyrir. Nákvæmar afleiðingar þess áverka veit undirritaður ekki því ég hef ekki skoðað hann aftur. Líklegt að áverki af þessari tegund geti leitt til vissrar máttminnkunar í gripi á milli þumals og vísifingurs og eins og fyrr var nefnt hugsanlega tímabundin dofatilfinning út í þessa fingur. Örvefur í greip getur stundum leitt til herslismyndunar sem dregur greipina saman og minnkar þannig opnun greipar. Einnig getur greipin verið með a.m.k. tímabundinni viðkvæmni sem veldur erfiðleikum við að halda hlut.“

7. Samkvæmt gögnum var af hálfu rannsóknaraðila lögreglu, þann 19. júlí sl., tekinn fjöldi ljósmynda af brotþola, en hann dvaldi þá á sjúkrahótel Landspítala. Í myndatextum segir frá því að myndir þessar sýni staðsetningu þeirra áverka, sem brotþoli hafði hlotið að kveldi 10. júlí sl.

8. Í staðfestri greinargerð S, sérfræðings í klíniskri sálfræði, með réttarsálfræði sem undirgrein, dags. 28. október 2019, sem rituð var að beiðni lögmans brotþola, segir frá því að brotþola hafi með tilvísun heilbrigðisstarfsmanns verið vísað í sálfræðimeðferð. Um tilefnið segir að um hafi verið að ræða m.a. depurð, svefnvandkvæði og félagskvíða í kjölfar árásar þá um sumarið. Í vottorðinu segir frá því að sálfræðingurinn hafi fyrst hitt brotþola 26. september sl., en eftir það í fjögur skipti. Í samantektarkafli er lýst ástandi brotþola, svofellt:

„Samræmi kemur fram í frásögn A um líðan sína og niðurstöður þeirra matslista sem hann hefur hingað til svarað. Hann er að upplifa sterk áfallaeinkenni eftir árásina og á erfiðleikum með að fóta sig aftur í daglegu lífi. Hann er með mikil einkenni kvíða og miðlungs einkenni þunglyndis og er metinn með alvarlega þjónustubörf með tilliti til einkenn sinna. Hann upplifir lífsgæði sín sem mjög léleg.

A er að fá bæði sjálfræðiþjónustu og sjúkraþjálfun innan Heilbrigðisstofnunar Austurlands og mun þurfa þá þjónust áfram næstu mánuði. A er samvinnuþýður í viðtölum og leggur sig fram um að gera það sem honum er ráðlagt að gera á milli tíma og stefnir að því að fara á 6 vikna Ham námskeið nú í byrjun nóvember. (Ham = Hugræn atferlismeðferð).“

IV.

1. Þann 7. ágúst 2019 krafðist lögreglustjórinn á Austurlandi þess að ákærða yrði gert að sæta geðrannsókn í því skyni að sakhæfi hans yrði metið, sbr. ákvæði 15. gr. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði andmælti ekki kröfunni fyrir dómi og var T geðlæknir kvaddur til starfans með dómsúrskurði, þann 8. ágúst nefnt ár.

2. Í matsgjörð geðlæknisins, sem dagsett er 6. september 2019, er fjallað um ofangreind álitaefti. Til grundvallar liggja m.a. rannsóknargögn lögreglu, en að auki aflaði geðlæknirinn gagna úr sjúkraskrá heilsugæslu, allt frá árinu 2000.

Í matsgjörðinni vikur geðlæknirinn sérstaklega að innlögn ákærða á sjúkrahús þann 18. júní 2019 vegna svefnleysis og kvíðahugsana, og að honum hafi af þessum sökum verið ávísað lyfjum, Fluoxetin og Sobril. Geðlæknirinn getur þess að við útskrift, þann 23. sama mánaðar, segi frá því í gögnum að ákærði hafi verið mjög rólegur og jákvæður, og að hann hafi auk nefndra lyfja fengið lyfið Quetiapin til töku fyrir svefninn.

Í matsgjörðinni rekur geðlæknirinn að nokkru lífssögu ákærða og er þar sérstaklega vikið að samskiptum hans við konuna E, en einnig að fyrrnefndum netskilaboðum sem hann hafði sent henni á árinu 2019.

Í matsgjörðinni er vikið að frásögn og orðræðu ákærða um atvik máls þann 10. júlí sl., en einnig er fjallað um áralanga áfengisneyslu hans og minnisleysi sem tengist því.

Í lokakafli matsgjörðarinnar er fjallað um það álitaefti hvort ákærði hafi á verknaðarstundu verið sakhæfur, en þar um segir:

„Nú var X ölváður á verknaðarstundu og í því ástandi að daginn eftir mundi hann ekki eftir gjörðum sínum, aðspurður um þær af lögreglu. Grundvallað þó á ástandi hans eins og það var búíð að vera, verður að ætla að sú almenna vitneskja hans að slíkt ofbeldisbrot á ekki að fremja hafi ekki verið að fullu frá honum tekið á verknaðarstundu. Hann telst því sakhæfur í skilningi 15. gr.“

Um það álitaefni hvort ástand ákærða hafi á verknaðarstundu verið með þeim hætti að ákvæði 16. gr. hegningarlaganna hafi átt við um hann, og hvort refsing geti borið árangur, segir:

„Nú var minni X með þeim hætti að hann gat og getur ekki með öryggi munað þær staðreyndir sem skipta máli, þó hann sé fær um að muna valda hluti. Þetta er að fullu skýrt með áfengissýki hans og mikilli neyslu í aðdraganda verknaðar, samhliða því að hann var búinn að vera verulega kvíðinn og leiður. Geta hans til að læra er hins vegar almennt séð ótrufluð sem og dómgreind og innsæi í kjölfar verknaðar. Ljóst er að hann er enn þunglyndur með kvíða en ástand er á engan hátt þannig að hann þurfi sérhæfða meðferð umfram viðtalsþjónustu og lyf sem hann getur fengið óháð því hvaða refsing honum yrði dæmd.

Refsing verður því að teljast geta borið árangur.“

V.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

1. Ákærði hefur fyrir dómi, við þingfestingu og við aðalmeðferð, neitað sök.

Fyrir dómi vísaði ákærði til minnisglapa um gjörðir sínar miðvikudagskvöldið 10. júlí sl., en hann kvaðst hafa kynnt sér rannsóknargögn lögreglu og sagði að þau bentu ótvírætt til sektar hans í málinu. Vegna minnisglapanna kvaðst ákærði á hinn bóginn ekki geta játað sakargiftir samkvæmt ákæru héraðssaksóknara, þ.e. tilraun til manndráps, þar sem hann einfaldlega myndi ekki eftir atburðarásinni umrætt kvöld sökum ölvunar og lyfjamisnotkunar. Fyrir dómi samþykkti ákærði upptökukröfu ákæruvalds á nefndum hnífum og staðfesti að þeir hefðu áður verið í eldhúsrekknum á heimili hans.

Ákærði greindi frá því að hann ræki ekki minni til þess að hafa farið á heimili brotþola og andmælti hann verknaðarlýsingu ákæru og sagði: „Það fer ekki á milli mála að ég hafi verið þarna að verki ... Atvikið sjálft, að hafa gengið inn á heimili hans og stungið hann ítrekað, það er ekki til í minni minningu og ég man bara síðast eftir mér á mínu eigin heimili að neyta áfengis ... Ég ætlaði mér nú ekki að reyna að drepa einn né

neinn, eða sko, valda neinum áverka, það er það sem ég ætla að segja.“ Og nánar aðspurður um ástæðu minnisglapanna áréttaði ákærði fyrri orð sín og sagði: „Sökum ofurölvunar. Það virðist vera já, ég var orðinn mjög ölvaður þetta kvöld, ásamt, var að drekka ofan í róandi lyf sem ... ég var nýbúinn að fá uppáskrifað hjá lækni, sökum þunglyndis og mikilla kvíðaraskana og svo rankaði ég eiginlega bara við mér við götuna við [...], alblóðugur. Svo man ég eftir að lögreglumaður hóaði í mig sko og ég var bara mjög gáttaður, mjög ruglaður, vissi ekki alveg hvað hafði gerst, svo man ég næst eftir mér inni í fangaklefa. ... Ég er í raun og veru ekki að neita að hafa ekki gert það, en atburðarásin að ég hafi aksually stungið manninn ítrekað, ég get því miður ekki munað það, ég ber fyrir mig algeru minnisleysi hvað það varðar, en þegar ég man síðast eftir mér þá fer ekki milli mála að ég hafi verið þarna að verki ... fullur iðrunar og sektarkennd og ég á bara mjög erfitt með að trúa því að ég sé fær um að gera það, svona, slíkan hlut ... Þannig að mér finnst þetta alveg hræðilegt mál ... Ég get ekki útskýrt neitt af þessu eða hvað ég var að vilja þarna sko. Man síðast eftir mér bara á mínu eigin heimili þangað til ég ranka við mér fyrir utan heimilið hans, eða við [...].“

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki geta gefið skýringar á þeim minni háttar áverkum, sem hann var með á höndum þegar hann var handtekinn, og bar að hann hefði engar minningar um þau „klórför.“

Nánar aðspurður lýsti ákærði atvikum og högum sínum í öllum aðalatriðum á sama veg og hann hafði áður gert hjá lögreglu og þar á meðal að því er varðaði óminni í tengslum við áfengisdrykkju, en einnig að því er varðaði vaxandi þunglyndi og kvíða samfara ótæpilegri áfengisdrykkju eftir sambandsslit hans við konuna E í byrjun árs 2019. Ákærði staðfesti að það hefði að lokum leitt til þess að hann leitaði sér lækniástoðar.

Ákærði staðfesti jafnframt að hann hefði á fyrrnefndu tímabili sent fyrrverandi sambýliskonu sinni og frænku, nefndri E, en einnig móður hennar, vitninu G, áðurrakin netskilaboð og þá með hótunarorðum, en sagði nánar um efni þeirra: „Það stóð ekkert á bak við það, þetta var bara í einhverju brennivínsgeðveiki og hvað maður á að segja, í annarlegu tilfinningalegu ástandi bara. Bara með óráði.“

Fyrir dómi dró ákærði framburð sinn hjá lögreglu að nokkru til baka og áréttaði að hann hefði í raun engar minningar um að hann hefði farið inn á heimili brotaþola, en af þeim sökum kvaðst hann í raun heldur engar minningar hafa um að þeir hefðu verið í

augnsambandi þar innandyra. Ákærði ætlaði að frásögn hans hjá lögreglu um þetta atriði mætti rekja til þess að hann hefði verið í miklu áfalli eftir handtökuna, en að auki hefði hann verið búinn að kynna sér frásögn brotþola fyrir skýrslugjöfina.

Fyrir dómi staðfesti ákærði fyrri frásögn sína hjá lögreglu, að hann hefði er atvik máls gerðust aðeins þekkt brotþola í sjón. Það var og ætlan ákærða að þeir hefðu aðeins í eitt skipti hist augliti til auglitis, á árinu 2018, og þá hjá frænku hans og nefndri sambúðarkonu, E. Þar um vísaði ákærði til þess að þeir hefðu lengst af ekki búið í sama þéttbýliskjarnanum, en bar að hann hefði haft vitneskju um hvar brotþoli bjó. Ákærði kvaðst fyrst hafa fengið vitneskju um samband brotþola og E í aprílmánuði 2019 og bar að það hefði verið um líkt leyti og samband hans við konuna lauk. Um hug sinn til brotþola sagði ákærði: „Lágt álit bara, fíkniefnasali, bara, hann skaffaði frænku minni fíkniefni og ég hafði mjög lágt álit á honum.“ Ákærði kvaðst hins vegar ekki hafa kennt brotþola um sambandsslit hans og konunnar E.

2. Brotþoli, A, fæddur [...], skýrði frá málsatvikum með líkum hætti og hann hafði gert við yfirheyrslu hjá lögreglu, sbr. það sem rakið var í kafla II. 7, hér að framan. Brotþoli greindi frá því að kynni hans og konunnar E hefðu hafist í febrúar 2019, en bar að eiginleg sambúð þeirra hefði hafist síðla sumars og þá eftir þann atburð sem hér er til umfjöllunnar.

Brotþoli greindi frá því að hann hefði í raun ekkert þekkt ákærða er kynni hans og E hófust, en hafi þó vitað deili á honum og þar á meðal að hann hefði áður verið unnusti konunnar.

Brotþoli lýsti atvikum máls miðvikudagskvöldið 10. júlí sl. með líkum hætti og hann hafði áður gert hjá lögreglu, en hann kvaðst hafa verið við vinnu þá um daginn og í raun enn verið í vinnufötum sínum, enda hefði hann þurft að mæta til vinnu næsta morgun. Hann hafi verið að spila tölvuleik við félagá sinn yfir netið og því setið við borð í stofunni í íbúðinni að [...], nærri miðnættinu, en bar að þar sem hann hefði átt von á E, sem hafi verið á kvöldvakt, hefði hann tekið lásinn af útidyrhurðinni.

Brotþoli sagði að við nefndar aðstæður hefði hann heyrt að útidyrhurðinni var lokið upp, en jafnframt veitt því eftirtekt að hundarnir á heimilinu byrjuðu að gelta, en reiknaði með að E hefði verið að koma inn um dyrnar og sagði: „Það voru slökkt öll ljós, það var bara kveikt á tölvuskjánum ... það var náttúrulega ekki komið myrkur en það var rökkur og svona nokkuð dimmt.“ Er hér var komið sögu kvaðst brotþoli hafa litið til hliðar en

þá séð hvar ákærði stóð þar nærri og sagði: „... og augun á honum starandi beint á mig, án þess að blikka, alveg opin augun ... andspænis mér dökklæddan með hníf fyrir framan andlitið á sér og ég tek af mér headsettið, rís upp, stend á móti honum, þá er hann kominn í svona meters fjarlægð frá mér, eða nær, ... Ég sá bara hendina á honum og hnífsblaðið sem stóð hérna út fyrir hendina ... fyrsta sem ég geri er að grípa hnífinn ... og um leið og ég gríp og læsi hendinni niður, þá kemur annar hnífur sem hann hefur, var að geyma fyrir aftan bak, hélt fyrir aftan bak og stingur mig ... í hálsinn og ég gríp strax í hnífinn og ríf hann undan og missi takið ... og tek aftur grip, þá upp í hnífsblaðið sem skerst ... inn í hendina á mér og held þar hnífnum föstum. ... Ég var búinn að læra sjálfsvörn og ég hugsaði aldrei um hvað ég var að gera, þetta var allt sem ég var búinn að sjá áður, bara varnarviðbrögð. ... Á meðan reyni ég að verja mig með hægri hendinni og hann heldur áfram að reyna að stinga og komast í líffæri hérna niður, en ég set hendina fyrir þannig að ég fæ djúpan skurð.“

Brotapoli sagði að strax eftir fyrstu stungu ákærða í hálsinn hefði spýst út blóð, en einnig frá skurðsárinu á hægri hendinni. Hann sagði og að þrátt fyrir lýst varnarviðbrögð hefði ákærði ekki linnt látum og í raun stöðugt beitt báðum hnífum gegn honum og þá m.a. með stungum, en einnig með því að reyna að losa um hnífinn, sem hann hélt á í hægri hendinni. Hann kvaðst er þetta gerðist hafa haldið hnífnum í kyrrstöðu og þá með því að halda um hnífsblaðið í greip sinni.

Brotapoli bar að þegar hann hafi fyrst séð til ákærða í íbúðinni hefði hann innt hann eftir erindinu, en ákærði engu svarað og bar að hann hefði í raun aldrei sagt eitt aukatekið orð. Brotapoli sagði að öll atburðarásin í íbúð hans hefði í raun verið mjög hröð.

Brotapoli kvaðst ekki minnast þess að hafa náð augnsambandi við ákærða og vísaði til þess að hann hefði nær strax séð að ákærði hélt á hnífi og vísaði jafnframt til þess að á þeirri stundu hefði ákærði aðeins verið í um 50-100 cm fjarlægð. Brotapoli bar að ákærði hefði verið með hnífinn í augnhæð hans, og því hefði hann gripið utan um hnífinn með vinstri hendinni.

Brotapoli lýsti þeirri skoðun sinni að vegna lýstra viðbragða sinna og síðan enn öflugri varnarviðbragða í kjölfarið hefði hann í raun bjargað lífi sínu, enda hefði ekkert lát verið á atgangi ákærða allan þann tíma sem þeir áttust við á heimili hans. Ákærði benti og á að hann hefði er atvik máls gerðust verið fremur vel á sig kominn líkamlega, 1,80 cm á hæð og 82 kg, en bar að undanfarið misseri hefði hann misst þyngd og væri nú rétt 71 kg.

Brotapoli greindi frá því að við fyrrnefndar aðstæður hefði hann fundið til vaxandi magnleysis og sagði: „Ég taldi að ég gæti ekki haldið hendinni (hægri) út af því að það var svo mikið blóð, sem náttúrulega spilaði inn í, en þá náttúrulega var ég líka búinn að missa allan styrk því að vöðvarnir voru komnir í sundur. ... og áttaði mig á því að það voru tveir hnífar, þá gat ég ekki tæklað þetta rétt, eða semsagt varið mig almennilega þannig að ég ýtti honum frá mér, bakkaði, setti löppina upp í hnéspark og spyrti honum utan í hurðina ... þannig að hann féll ... þar sem gítarinn var ... þá lendir hann á þessum vegg og ég næ að smeygja mér hérna út ... Þetta var bara eina leiðin inn og út og hann stóð fyrir henni. ... hljóp ganginn ... og tók úr lás, það spýttist blóð yfir alla glugga og upp í loftið hjá mér því þetta fór náttúrulega á litla slagæð hérna og það bara spýttist út, það náttúrulega lak ekkert, það var bara buna ... á hálsinn og þar spýttist mesta blóðið ... ég hljóp bara, greip í hurðarhúninn, snéri og rykkti hurðinn út ... og svo hljóp ég út á pallinn á húsinu ... Þá tók ég tilhlaupið niður tröppurnar, hljóp og hoppaði í gegnum runna sem er svona mannshæð og kraup þar niður við hurðina hjá honum (B) og byrjaði að berja stanslaust ...“

Brotapoli áréttaði að þegar atburður þessi gerðist hafi verið farið að rökkva, en bar jafnframt að þegar vitnið B opnaði útidyrnar á heimili sínu að [...] hefði hann sökum máttleysis hrunið inn, en þá strax haft á orði að maður væri á eftir honum með hníf og ætlaði að drepa hann. Brotapoli sagði að aðstæður hafi í raun verið þannig að B hefði ekki alveg áttað sig á aðstæðum og jafnvel talið að hann væri ölvaður og hefði lent í átökum þar sem hann hefði ýtt honum út fyrir hurðarkarminn og lokað dyrunum. Brotapoli kvaðst hafa heyrt B ræða við Neyðarlínuna í síma, en um svipað leyti einnig heyrt að útidyrnunum á heimili hans var lokað. Vegna þessa hafi hann afráðið að skríða aftur fyrir bifreið við húseign B, en sagði að við þessar aðstæður hefði B á ný opnað útidyrnar, en framhaldinu lýsti hann þannig: „... og sér Sigga (ákærða) og kallar á hann og kallar á hann með nafni og spyrja hvað væri í gangi, þá kemur hann labbandi að hurðinni. ... Já, mig rámar í það og þá kemur hann labbandi með báða hnífana í höndum og ég skríð þá frá afturdekkinu á bílnum að framdekkinu á bílnum, því annars hefði sést til mín frá hurðinni. Og svo kemur hann labbandi, alveg pollrólegur, heyri bara fótsporin ... engin hlaup, enginn hamangangur, ekki neitt. ... Hann labbaði stéttina, inn bílastæðið og byrjar síðan að banka á hurðina með báða hnífa í höndum ... væntanlega hnífarnir, en ég sá það ekki, nei. Svo stendur hann þarna og öskrar á hurðina ... Hann var að öskra á mig og spyrja hvar ég væri en ég veit ekki nákvæmlega hvað hann sagði. ... Hann var að

leita að mér, mér fannst eins og hann hafði sagt „Hleyptu mér í hann“ og „Hvar er hann?“ en ég get ekki sett það í orð alveg nákvæmlega, þetta er náttúrulega ... oft í hausnum á mér. ... og svo heyri ég B ... vera að tala við lögregluna og lýsa honum nákvæmlega, hvernig hann lítur út, hversu hár hann er, að hann haldi á tveimur hnífum, þá snéri hann við, labbar í burtu og þá sé ég aftur undir bílinn, fótsporin bara, alveg sallarólegur að labba til baka. Og svo þegar hann er kominn aðeins neðar þá heyri ég tvö járnhljóð, þegar hnífarnir detta í götuna, kling, kling. Þá skríð ég aftur að bílnum og upp að hurðinni, þá opnar B og hann kemur út til að hjálpa mér og er ennþá að tala í símann og reyna að leiðbeina sjúkraliðum og lögreglu hvernig á að komast að staðnum.“

Brotapoli staðhæfði að fyrir þennan atburð hefði ákærði viðhaft líflátshótanir við nefnda unnustu hans, en hann hafi farið að tilmælum hennar og ekki brugðist við, og þá ekki heldur þegar ákærði hefði sent honum netskilaboð. Hann hafi jafnframt tekið þá ákvörðun að samþykkja ekki skilaboðabeiðnir ákærða og því í raun aldrei lesið efni þeirra.

Fyrir dómi lýsti brotapoli læknisaðgerðum, sem hann hafði þurft að undirgangast eftir nefndan atburð. Hann kvaðst hafa verið lengi að gróa sára sinna og bar að síðustu sáraumbúðirnar hefðu verið fjalægðar þann 25. október 2019. Og vegna áverkanna hefði hann þurft að vera í sjúkrahjálfun, sem enn stæði yfir, en að auki hefði hann haft þörf fyrir sálfræðiaðstoð. Þá kvaðst hann vegna ástands síns ekki enn hafa getað stundað atvinnu sína, en fyrir dómi gerði hann einnig að nokkru grein fyrir þeim sálrænu, félagslegu og líkamlegu þrautum sem hrjáð hefðu hann eftir þá árás sem hann varð fyrir á heimili sínu í greint sinn.

3. Vitnið B, fæddur [...], lýsti atvikum máls með líkum hætti og rakið var að nokkru í kafla II.1 hér að framan. Vitnið kvaðst þannig hafa verið að taka á sig náðir á efri hæð heimilis síns, [...], en bar að þá hefðu einnig verið á heimilinu kona hans og tveir stálpaðir synir þeirra. Við þessar aðstæður hafi vitnið heyrt að barið var kröftuglega á útidyrhurðina, en af þeim sökum hefði það gætt að málum, og þá strax séð hvar nágranni þess og vinnufélagi, brotapoli, lá við hurðina; „í fósturstellingu.“ Vitnið kvaðst hafa haft vitneskju um að brotapoli var með „vaktina“ í vinnunni, en ætlað í fyrstu að hann væri „moldölvaður.“ Vitnið sagði að brotapoli hefði strax nefnt að hann hefði verið stunginn og því þyrfti að hringja á lögreglu. Samhliða þessu kvaðst vitnið hafa séð blóð fossa inn um dyrnar. Vitnið kvaðst strax hafa brugðið við og lokað dyrunum, hlaupið upp á efri

hæðina og hringt eftir aðstoð lögreglu, kl. 11:47, en bar að um svipað leyti hafi það séð út um gluggann hvar ákærði, sem vitnið kvaðst hafa þekkt mjög vel, var að ganga í átt að húseigninni, en verið vestast á bifreiðastæðinu. Vitnið kvaðst hafa klætt sig í skyndi, en síðan hringt að nýju eftir aðstoð, kl. 11:49, en bar að þá hefði ákærði verið kominn alveg að útidyrhurðinni. Vintið lýsti atvikum máls nánar þannig: „... þá kemur hann (ákærði) aftur þarna, þá er eitthvað, ég veit ekki hvert hann fór karlinn, hann fór einhvern hring þarna inn fyrir húsið og eitthvað, kemur aftur í bílastæðið, aftur sömu leið og kemur þá á milli bílanna, það voru tveir bílar í stæðinu, kemur þarna upp að bílskúrnum og eitthvað og ég sé náttúrulega ekki hvað hann er að bardúsa.“ Vitnið bar að við nefndar aðstæður hefðu farið að renna á það tvær grímur, enda séð að ákærði hélt á tveimur hnífum, en það lýsti gjörðum hans nánar þannig: „Glottir svona á mig, við þekkjumst náttúrulega vel, búnir að vinna saman og annað ... og hann pikkar ... svona hnífsoddunum á glerið á hurðinni nokkrum sinnum, ... hann sagði ekki neitt ... brosir til mín og snýr sér við og labbar niður hérna heimreiðina hjá mér.“ Vitnið kvaðst ekki hafa sagt orð við ákærða og þá ekki kallað til hans þegar atburður þessi gerðist. Vitnið kvaðst á hinn bóginn hafa átt orðastað við ákærða kvöldið áður á tónleikum og bar að þá hefði hann verið án sýnilegra ölvunareinkenna, og sagði: „... þá vorum við bara að spjalla saman í góðu ... mér fannst hann ekkert öðruvísi þá ... heldur en að ég hafði verið að sjá hann inn í vinnu.“

Vitnið bar að við áðurlýstar aðstæður hefði það veitt því eftirtekt að brotþoli hafði fært sig um set og falið sig á bak við aðra þá bifreið sem var kyrrstæð í bifreiðastæði við húseignina. Vitnið kvaðst hafa séð vel til þegar þetta gerðist þrátt fyrir að aðeins hafi verið farið að skyggja og m.a. hafi það fylgst með ákærða þegar hann hafi gengið sömu leið til baka. Og þegar ákærði hafi verið kominn langleiðina að [...] hefði vitnið séð hann sleppa frá sér hnífum og þeir því fallið á jörðina, en í framhaldi af því hefði það séð ákærða ganga áleiðis út nefnda götu. Vitnið sagði að flokkur lögreglumanna hafi komið á vettvang skömmu síðar, en einnig sjúkraflutningamenn. Vitnið kvaðst við nefndar aðstæður hafa reynt að hlúa að brotþola, en bar að greinilegt hefði verið að mjög hafði þá dregið af honum, en vitnið vísaði til þess að mikið blóð hefði komið frá sárum hans. Vitnið kvaðst hafa heyrt brotþola nefna nafn ákærða sem geranda skömmu áður en hann var fluttur af vettvangi með sjúkrabifreið.

4. Vitnið E, fædd [...], greindi frá því að vegna skyldleika hefði það og ákærði í raun þekkt alla ævina, en því til viðbótar hefðu þau á fullorðinsárum, á u.þ.b. árs tímabili, verið í nánun en leynilegu sambandi, og er það gerðist hefði ákærði stundað atvinnu í sama bæjarfélagi og það hafði búsetu. Vitnið sagði að hinu nánna sambandi við ákærða hefði endanlega lokið í byrjun mars 2019, en staðhæfði að ákærði hefði í raun verið í afneitun um að svo væri komið. Vitnið sagði að ákærði hefði þannig tekið slitunum mjög illa og þá enn fremur þegar hann hefði haft spurnir af því að vitnið hefði tekið upp samband við brotþola. Vitnið sagði að neikvæðni ákærða hefði m.a. beinst að því og bar að hún hefði m.a. birst í hótunum hans um sjálfsvíg, en einnig hefði vanlíðan hans brotist fram með mikilli áfengisdrykkju. Þá kvað vitnið ákærða með beinum orðum hafa haft á orði, og það oftast en einu sinni, að hann hefði langanir til þess að stinga vitnið, en að auki hefði hann haft á orði að hann vissi ekki hvort hann ætti að faðma það eða stinga og bar að í eitt skipti hefði hann handfjallað hníf í nærveru vitnisins, en þó án þess að ógna því beinlínis. Vitnið staðhæfði að auk þessa hefði ákærði verið með aðra ógnandi og vanvirðandi hegðan, sem beinst hefði að því, og jafnframt haft öfgakennd orð um tengsl þess við brotþola, en sagði að þetta hefði gerst áður en þau tvö hófu eiginlegt parasamband. Umrætt kvöld kvaðst vitnið hafa komið á heimili brotþola um kl. 00:15.

5. Vitnið G, fædd [...], lýsti nánun ættartengslum við ákærða og bar að það hefði verið í allgóðum samskiptum við hann sem barn. Vitnið sagði að löngu síðar hefðu þau verið í samskiptum á net- og símamiðlum, en vitnið kvaðst fyrst hafa haft spurnir af nánun sambandi hans við dóttur sína, vitnið E, eftir að því lauk. Vitnið sagði að ákærði hefði tekið sambands slitunum illa, en þar um vísaði það til þeirra netsamskipta sem lögregla hafði aflað og staðfesti hún efni þeirra, sbr. það sem rakið var í kafla II. 6 hér að framan.

6. Vitnið F, fæddur [...], kvaðst umrætt kvöld hafa verið að spila tölvuleik við félagan sinn, brotþola, yfir netið og hafi þeir því báðir verið með heyrnartól og þannig heyrt hvor í öðrum. Við nefndar aðstæður kvaðst vitnið hafa heyrt ólæti í hundum brotþola og síðan óljós orð hans. Framhaldinu lýsti vitnið þannig: „Svo heyrði ég bara einhvern smá barning ... og svo heyrði ég eitthvað brotna, eins og eitthvað hefði dottið í gólfíð ... og svo heyrði ég ekki neitt í tuttugu mínúturnar, en ég hélt áfram að spila og bjóst bara við að hundurinn hefði verið með vesen eða eitthvað.“ Vitnið kvaðst í greint sinn ekki hafa heyrt nein mannleg samskipti.

7. Vitnið L, skurðlæknir á HSA, fæddur [...], staðfesti fyrir dómi áðurrakið læknaþref, dags. 11. júlí 2019. Vitnið bar að við komu brotaþola á umdæmissjúkrahúsið í ... hefði hann verið í alvarlegu losti og í raun meðvitundarlaus og með skurðáverka á hálsi og á brjóstakassa. Vitnið bar að brotaþoli hafi að auki verið með blæðingu inn í brjóstholið, en einnig með djúpt stungusár á mjaðmakambinum, en þó án innvortis blæðingar inn í kviðarholið, en sagði að áverkinn hefði verið nærri lifur. Vitnið sagði að enginn nefndra áverka hefði í raun, og þá einn og sér, verið lífshættulegur, en helst hefði þó stungusárið á brjóstakassanum, með innvortis blæðingu, verið þeirrar gerðar, en vegna þess hefði þurft að setja upp drenlög. Vitnið bar að stungusárið á hálsi brotaþola hefði ekki verið djúpt, og bar að við komu á sjúkrahúsið hefði engin slagæðablæðing verið frá því sári, líkt og sjúkraflutningamenn hefðu haft orð á, en bar að sárið hefði verið nærri stórum slagæðum.

Vitnið staðhæfði að vegna hins mikla blóðmissis sem brotaþoli varð fyrir vegna nefndra áverka hefði hann verið í lífshættu, enda hefði hann misst um helminginn af blóði sínu.

Vitnið lét þá skoðun í ljós að miklu hefði skipt að brotaþoli var nærri sjúkrahúsi þegar atvik máls gerðust og staðhæfði að ef hann hefði ekki komist undir læknishendur hefði hann nær örugglega látist af völdum áverka sinna á u.þ.b. hálfri klukkustund. Vísaði vitnið til efnis vottorðs síns og bar að brotaþola hefði strax við komu á sjúkrahúsið verið gefið blóð, en samtals hefði verið um að ræða fjórar einingar eða samtals tvo lítra og því hefði verið unnt að flytja brotaþola á gjörgæsludeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss í Reykjavík (LSH). Vitnið sagði að blóðmissir brotaþola hefði í raun verið talsvert meiri en þessari blóðgjöf nam og áætlaði að það hafi verið um 3 til 4 lítrar.

Vitnið sagði að samkvæmt sjúkraskrá hafi brotaþoli fyrir nefndan atburð verið með vanvirkan skjaldkirtil frá árinu 2016, en hafi tekið lyf af þeim sökum. Að auki hafi brotaþoli verið með þekkta sögu um lyfjatöku í æð.

8. Vitnið M, sérfræðingur í heimilislækningum og framkvæmdastjóri lækninga við HSA, staðfesti efni áðurrakins áverkavottorðs, dags. 15. júlí 2019. Vitnið bar að við gerð vottorðsins hefði það stuðst við sjúkraskrá brotaþola og þá aðallega gögn frá fyrrnefndum skurðlækni hjá HSA. Fyrir dómi fór vitnið ítarlega yfir nefnd gögn og áréttaði efni þeirra.

Vitnið sagði m.a. að lýsingin í nefndum gögnum á litarhætti brotaþola, ásamt hjartslætti og lágum blóðþrýstingi við efri mörk, hafi verið skýr merki um mögulegt yfirvofandi lostástand, sem hafi orsakast af blóðmissi og þar með yfirvofandi blóðskorti til líffæra. Vitnið sagði að þessi merki ásamt lýstum áverkum hefðu verið klínísk skýr merki um að blæðingin hafi verið það mikil að brotaþoli hafi verið í yfirvofandi lífshættu. Það var og mat vitnisins, að virtum nefndum gögnum, að án aðgerða hefði brotaþola blætt enn frekar og í versta falli hefðu þá verið virkilegar líkur á því að hann hefði andast. Vitnið sagði að hvað varðaði stungusár nálægt öndunarvegi, þ.e. á hálsi við barka, og þar með nærri stórum slag- og bláæðum, gæti eftir atvikum aðeins verið um millimetraspurasmál að ræða, og þá jafnframt á milli lífs og dauða. Hið sama eigi við um stunguna við rifjaboga hægra megin aftan til.

Vitnið bar að brotaþoli hefði verið fluttur á Landspítalann vegna takmarkaðrar gjörgæslugetu á umdæmissjúkrahúsinu í

9. Vitnið P, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum á LSH, kvaðst hafa verið kallað til vegna bráðatilfellis brotaþola og staðfesti áðurakið vottorð, dags. 30. september sl. Vitnið kvaðst hafa komið að aðgerð á hægri upphandlegg brotaþola og bar að þar hafi verið um skurðáverka að ræða frekar en stunguáverka, en að ekki hefði komið til meiri háttar taugaskaða. Vitnið kvaðst einnig hafa komið að aðgerð á mjóbaki brotaþola, og bar að þar hafi verið um að ræða mjög djúpan skurð, sem gengið hefði inn að hryggsúlunni hægra megin. Vitnið bar að ekki hafi verið opið inn í kviðarholið, en ef svo hefði verið hefði verið hætta á nýrnaskaða. Vitnið sagði að báðir þessir áverkar hefðu verið alvarlegir, en sérstaklega þó mjóbaksáverkinn, en einnig aðrir áverkar og helst stungan á brjósthölinu.

Vitnið staðhæfði að brotaþoli hefði verið í lífhættu í greint sinn og þá helst vegna mikils blóðmissis og bar að í raun hefði verið hending að ekki fór verr. Vísaði vitnið til þess að samkvæmt sjúkraskrá hefði brotaþoli við komu á umdæmissjúkrahúsið í ... verið í blóðfallssjokki. Vitnið lét þá skoðun í ljós að vegna nefndra áverka hefði verið nauðsynlegt að flytja brotaþola á Landspítala-Háskólasjúkrahús.

10. Vitnið O, sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnaskurðlækningum á LSH, kvaðst hafa komið að aðgerð á hálsi brotaþola. Vitnið sagði að um hefði verið að ræða stungu- eða skurðáverka, um 2 cm langan, fyrir miðju og rétt neðan við barkakýlið. Vitnið bar að

ekki hefði verið um að ræða áverka á slagæðum, koki eða öndunarvegi og hafi skurðinum því verið lokað.

Vitnið staðhæfði að allir áverkar framan á hálsi væru í raun mjög nálægt stórum æðum og þar á meðal stóru aðalslagæðinni sem liggur upp í höfuð, enda sé hún hliðlægt við nefndan skuðráverka brotaþola. Vitnið staðhæfði að yrði slíkur áverki væri um lífhættu að ræða og þá helst vegna blóðmissis.

11. Vitnið N, sérnámslæknir í skurðlækningum á hjarta- og lungnaskurðeild LSH, staðfesti efni áðurrakins læknisvottorðs, dags. 18. október 2019. Vitnið staðhæfði að áverkar brotaþola hefðu verið alvarlegir, en það benti á að þeir áverkar sem sérfræðingar brjóstholsskurðeildarinnar unnu að hefðu verið fimm stungusár á baki, en þar af hafi eitt þeirra náð inn í fleiðruhol, sem valdið hafi blæðingu samkvæmt tölvusneiðmynd.

Vitnið sagði að við komu á LSH hafi brotaþoli þegar verið með brjóstholskera og þá inn í fleiðruhol, þ.e. holið sem umlykur lungað inni í brjóstholinu. Vitnið bar að með þessum hætti hefði blóð verið drenað út úr brjóstholinu. Vitnið sagði að brotaþoli hafi að auki verið með lítið loftbrjóst vegna stungusársins sem náð hefði inn í nefnt fleiðruhol. Vitnið staðhæfði að hinir síðastgreindu áverkar brotaþola hefðu verið lífshættulegir og sagði að ef hann hefði ekki fengið blóðgjöf og brjóstholskera hefði verið óvíst hvort hann hefði haldið lífi. Vitnið sagði að stungusárið á barka brotaþola hefði ekki náð inn í öndunarveginn, þ.e. í kok eða barkann, og hafi því í raun verið yfirborðsáverki og ekki djúpur, en þó við hlið barkans og því nærri slagæðum. Vitnið bar að því hafi í raun ekki munað nema örfáum millimetrum til þess að áverkinn hefði verið metinn sem lífhættulegur.

Vitnið greindi frá því að brotaþoli hafi komið í saumatöku og göngudeildarmeðferð um tveimur vikum eftir lýstar bráðaaðgerðir. Vitnið sagði að þá hafi ástand brotaþola verið metið svo að hann hafi verið búinn að jafna sig á hinum líkamlegu áverkum á brjóstholi.

12. Vitnið R, sérfræðingur í handaskurðlækningum á LSH, staðfesti áðurrakið læknisvottorð um handaráverka brotaþola á vinstri hendi. Vitnið sagði að áverkinn í greip brotaþola hefði verið djúpur, en að fyrst og fremst hefði verið um vöðvaáverka að ræða, en ekki taugaáverka, þrátt fyrir að skurðurinn hafi alveg náð að skyntaugunum.

13. Vitnið S, yfirsálfræðingur á HSA, staðfesti efni áðurrakins sálfræðivottorðs, dags. 28. október 2019. Vitnið staðfesti að brotapolí hefði fengið tilvísun um sálfræðimeðferð, sem hafi hafist haustið 2019.

14. Vitnið U, almennur læknir á heilsugæslustöð HSA í ..., skýrði frá því að ákærði hefði fengið sjúkrahúsvist á umdæmissjúkrahúsinu í ... þann 18. júní sl. Vitnið bar að tilefni innlagnarinnar hafi verið orð ákærða um vaxandi kvíða og kvíðahugsanir svo og svefnerfiðleikar, en þó án sjálfsvígshugsana. Vitnið kvað ákærða hafa verið með sjúkrasögu um sambærilega líðan á unglingsárum og að þá hefði hann fengið sálfræðiaðstoð.

Vitnið bar að við nefnda innlögn hafi ákærði ekki verið bráðveikur, en hann hafi komið eðlilega fyrir við skoðun. Vitnið sagði að ákærði hafi greint frá nýlegum sambúðarslitum og að hann hefði af þeim sökum orðið félagslega einangraður. Vitnið kvaðst hafa haft samráð við geðlækni á geðdeild Sjúkrahúsins á Akureyri, en í framhaldi af því hafi ákærða verið ávísað litlum og almennum skömmtum af þunglyndislyfjum og róandi lyfjum, þ.e. Fluoxetín og Sobríl, en einnig tilteknu geðsvefnlyfi. Vitnið sagði að brotapolí hafi verið útskrifaður af sjúkrahúsinu þann 23. júní sl. og að honum hefði þá verið ráðlagt að vera undir eftirliti sálfræðings. Vitnið sagði að í engu hafi verið vikið að áfengisneyslu ákærða í innlögninni, enda hefði ákærði enginnorð haft um hana í legunni.

15. Vitnið T, deildarstjóri á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands, staðfesti efni áðurrakinnar matsgerðar. Vitnið staðhæfði að styrkleiki þunglyndslyfsins Fluoxetín í blóðsýni ákærða hefði verið fremur lágur og því hefði lyfið ekki haft mikil áhrif á það alkóhólmagn sem hefði verið í blóði ákærða í greint sinn. Vitnið sagði að önnur lyf hefðu ekki mælst í blóðsýni ákærða.

Vitnið staðhæfði að alkóhólið í blóðsýni brotapóla hefði samkvæmt rannsókn verið óverulegt og bar að það gæti hafa samsvarað neyslu á einum litlum bjór.

16. Vitnið I, réttarmeinafræðingur á LSH, staðfesti efni áðurrakinnar réttarlæknisfræðilegrar líkamsskoðunar og matsgerðar, dags. 8. ágúst sl., um ákærða. Vitnið sagði að þeir áverkar sem sýnilegir hafi verið við skoðun á ákærða hafi samræmst því að minnsta kosti að hnífi eða hnífum hefði verið beitt en hafi þó ekki verið „há sértækir“ fyrir slíkt, en þá helst verið tilkomnir af hnífsoddi og þá vegna minni háttar

snertingar, og því hafi ekki verið um dæmigerða varnaráverka að ræða. Vitnið sagði að merki um bein átök hafi verið afar minni háttar, og þá helst mar aftan á vinstra hné ákærða og þá þannig að sótt hafi verið að honum, en þó gæti fleira komið til.

17. Vitnið T, geð- og embættislæknir, staðfesti efni áðurrakinnar matsgjörðar og geðrannsókn ákærða, dags. 6. september 2019.

18. Vitnið D lögreglufulltrúi og lögreglumennirnir C, V og X komu fyrir dóminn og lýstu rannsókn málsins og staðfestu einnig efni áðurrakinnar gagna, þ. á m. frumskýrslu og handtökuskýrslu. Síðastnefndi lögreglumaðurinn kvaðst hafa setið með ákærða í lögreglubifreið í um 10 mínútur eftir handtöku og bar að hann hefði þá sýnilega verið undir áhrifum áfengis, en verið vel viðræðuhæfur, en þó virst vera spenntur.

Hið sama gerðu J sérfræðingur og K, rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, að því er varðaði muna-, vettvangs- og blóðferlarannsóknir. Var það m.a. niðurstaða sérfræðinganna að atburðarásin í [...] hefði öll verið mjög hröð. Og um niðurstöður DNA-rannsókna kom fram, að því er varðaði áreiðanleika, að um hæstu mögulegu samkenningu hafi verið að ræða, þ.e. 1/1.000.000.

VI.

Niðurstaða.

1. Í máli þessu er ákærða gefin að sök tilraun til manndráps með því að hafa ráðist á brotþola á heimili hans með tveimur hnífum, og þá með því að stinga brotþola í hálsinn og margsinnis í líkamann, þ.e. hægra megin framan á brjóstakassa, í kvið, í hægri síðu, mjaðmakamb og bak, í hægri öxl, upphandlegg og hönd og vinstri hönd, með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut af fjölda áverka, eins og nánar er lýst í ákæru.

Í ákæru héraðssaksóknara er um heimfærslu ætlaðs brots ákærða vísað til 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvæði 211. gr. hegningarlaganna hljóðar svo: „*Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.*“

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. hegningarlaganna hljóðar svo: „*Hver sá, sem tekið hefur ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt*

þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefur, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerst sekur um tilraun til þess.“

Þá segir í 2. mgr. sama ákvæðis: *„Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.“*

Af hálfu ákærða er um sýknukröfu einkum vísað til sönnunarskorts, sem ákærvaldið verði að bera hallann af, samkvæmt grunnreglum sakamálaréttarfars. Þá er af hálfu ákærða m.a. vísað til þess að brotþoli hafi, verði frásögn hans lögð til grundvallar, eftir atvikum fyrst brugðist við í greint sinn með því að leggja til atlögu við ákærða. Þá er um ætlað brot ákærða og heimfærslu vísað til 2. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, en ákvæðið hljóðar svo, með síðari breytingum: *„Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.“*

2. Að áliti dómsins er samhljómur með frásögn ákærða og brotþola að nokkru, þ. á m. um að þeir hafi lítil sem engin bein kynni haft af hvor öðrum, en fyrir liggur að þeir hafa lengst af ævi sinni, og þá hvor um sig, eigi búið í sama byggðarkjarnanum. Að virtum framburði þeirra, sem er í samræmi við vætti vitna, liggur á hinn bóginn fyrir að þeir vissu báðir deili á hvor öðrum og þá ekki síst eftir að slit höfðu orðið á stuttri sambúð ákærða og vitnisins E í byrjun árs 2019 og þá enn fremur eftir að náin kynni hófust með nefndu vitni og brotþola þá um vorið. Að virtum gögnum verður lagt til grundvallar að ákærði hafi tekið þessum umskiptum illa og að hann hafi þá m.a. sent þau ógnandi netskilaboð sem áður eru rakin, en þau lýsa að áliti dómsins m.a. særindum og vanlíðan, en einnig heift. Liggur fyrir að ákærði leitaði sér lækniástoðar vegna þessa í júnímánuði og þáði lyf til að bæta andlega líðan sína.

Óumdeilt er að brotþoli og ákærði voru báðir á heimilum sínum umrætt kvöld. Ákærði hefur greint frá því að hann hafi neytt áfengis á heimili sínu, en þó öðru hvoru brugðið sér út úr íbúðinni og þá til þess að reykja. Ákærði hefur jafnframt borið að hann hafi samhliða áfengisdrykkjunni tekið inn þau lyf sem hann hafði fengið ávísað hjá lækni. Að virtum áðurröktum niðurstöðum rannsóknastofu Háskóla Íslands, en einnig

vitnisburði deildarstjóra rannsóknastofunnar, svo og rannsóknargögnum lögreglu, verður að mati dómsins að leggja þennan framburð ákærða í aðalatriðum til grundvallar í málinu og þá þannig að hann hafi verið ölvaður.

Fyrir dómi hefur ákærði um eigin gjörðir umrætt kvöld að öðru leyti en að ofan er rakið borið við nær algjöru minnisleysi vegna vímuástands síns og þar á meðal um sakaratriði málsins. Ákærði hefur aftur á móti staðfest viðveru sína á [M-vegi] og að hann hafi þá verið blóðugur á báðum höndum, en einnig að hann hefði þá skömmu áður hent frá sér þeim tveimur hnífum sem lögreglan lagði hald á við upphaf rannsóknar þessa máls.

Óumdeilt er að lögreglan handtók ákærða á nefndri akbraut skömmu fyrir miðnættið umrætt kvöld. Liggur fyrir að handtökuvettvangur var aðeins í nokkurra tuga metra fjarlægð frá húseignum brotaþola og vitnisins B, að [...] og [...].

Fyrir dómi hefur ákærði borið að umrædda hnífa hafi hann áður geymt í rekka í eldhúsi á heimili sínu. Jafnframt hefur ákærði staðfest eignarhald á þeim fatnaði sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Fyrir dómi hefur ákærði eins og áður er rakið neitað sök samkvæmt ákæru. Hann hefur á hinn bóginn eigi véfengt niðurstöðu áðurrakinnar DNA-rannsóknar. Þá hefur hann eigi véfengt önnur rannsóknargögn lögreglu, þ. á m. blóðferlarannsókn, sem gerð var í og við heimili brotaþola.

Fyrir dómi hefur brotaþoli greint frá þeirri árás sem hann hefur borið að hafa orðið fyrir af hálfu ákærða á heimili sínu. Hann hefur lýst ætluðu athæfi ákærða, fyrir dómi og við lögreglurannsókn málsins, með líkum hætti og lýst er í ákæru. Brotaþoli hefur m.a. borið um að ákærði hafi án allra orða í upphafi komu á heimili hans otað að honum hnífi, sem hann hafi haldið á í hægri hendi sinni, og er það gerðist hafi þeir verið mjög nálægt hvor öðrum. Þá hafi ákærði viðstöðulaust beitt hnífi sem hann hafði í vinstri hendi sinni eftir að brotaþoli hafði brugðist við með því að taka um hægri hönd hans. Brotaþoli hefur jafnframt borið að árás ákærða hafi verið viðstöðulaus, en að vegna eigin varnarviðbragða hafi atvik gerst með skjótum hætti og hann fljótlega náð að komast undan á hlaupum, en eftir það farið stutta vegalengd að heimili nágretta síns, vitnisins B.

Að mati dómsins hefur frásögn brotaþola í öllum aðalatriðum verið greinargóð og trúverðug. Þá eru áðurrakin rannsóknargögn lögreglu, en einnig önnur sérfræðigögn, svo

og vætti vitna að nokkru, að álit dómsins í öllum aðalatriðum til stuðnings frásögn brotþola.

Að ofangreindu virtu er að mati dómsins ekki varhugavert að leggja frásögn brotþola til grundvallar um málsatvik.

Í máli þessu liggur fyrir niðurstaða rannsóknastofu vegna DNA-rannsóknar, sem gerð var á sýnum og samanburðarsýnum sem tekin voru af brotþola og úr blettum sem fundust m.a. á haldlögðum fatnaði og hnífum ákærða. Leiddi greining og rannsókn í ljós að sýnin höfðu sama DNA-snið. Ákærði hefur enga haldbæra skýringu gefið á þessum sýnilegu gögnum eða á rannsóknarniðurstöðunni, en í þess stað vísað til minnisleysis um eigin gjörðir rétt fyrir miðnættið þann 10. júlí sl.

Það er álit dómsins þegar allt framangreint er virt, ásamt trúverðugu vætti vitnisins B fyrir dómi, og áðurröktum og staðfestum rannsóknargögnum lögreglu, m.a. um blóðferlagreiningu, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því að ákærði hafi ráðist á brotþola á heimili hans og margsinnis stungið hann með þeim tveimur hnífum sem hann hafði haft með sér frá heimili sínu.

Að virtum allítarlegum rannsóknargögnum, og þá ekki síst þeim sem stafa frá læknum, ber í ljósi þess sem áður er rakið að miða við þá verknaðarlýsingu sem rakin er í ákæru héraðssaksóknara, að því frátöldu að ekki var um að ræða stungusár í vinstri greip brotþola heldur hlaut hann þar djúpan skurðáverka.

Þegar lýst háttsemi ákærða samkvæmt ákæru er virt í heild, svo og vætti lækna, þ. á m. sérfróðs skurðlæknis við umdæmissjúkrahúsið í ..., en einnig vætti sérfróðra lækna á Landspítalanum, er það niðurstaða dómsins að árás ákærða hafi verið heiftúðug og lífshættuleg, og að ákærða hafi á verknaðarstundu hlotið að vera það ljóst. Aftur á móti hafi nær fumlaut viðbrögð nærstaddra aðila, en einnig þeirra sem á eftir komu, ásamt aðstæðum á vettvangi, orðið til þess að ekki fór verr. Brot ákærða er því rétt fært til refsíákvæða í ákærinni og er áðurlýstri vörn ákærða því hafnað.

III

1. Ákærði, sem er [...] ára, hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður verið dæmdur til refsingar, sem áhrif hefur í máli þessu.

Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir tilraun til manndráps og er brot hans því mjög alvarlegt. Að mati dómsins sýndi ákærði einbeittan brotavilja við verknaðinn, en fyrir liggur að hann fór frá heimili sínu með tvo hnífa að heimili brotþola, um 1,5 km vegalengd, þar sem hann réðst á brotþola og beitti hnífunum margsinnis og með heiftúðugum hætti gegn honum og veitti honum lífshættulega áverka. Verður að telja, eins og fyrr hefur verið sagt, að hending ein hafi ráðið því að ekki fór verr, en atлага ákærða leiddi m.a. til verulegs líkamstjóns.

Það er mat dómsins, þegar litið er til matsgerðar dómkvadds matsmanns, T, geð- og embættislæknis, og annarra gagna og vitnisburða, að ákærði sé sakhæfur og að ákveða beri honum refsingu, enda leysa áfengisáhrif og lítils háttar lyfjaáhrif á verknaðarstundu hann ekki undan refsingu, sbr. ákvæði 17. gr. almennra hegningarlaga, og getur hann eigi réttlætt gjörðir sínar með þeim hætti.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að ofangreindu virtu m.a. litið til ákvæða 1., 2., 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaganna. Til málsbóta þykir m.a. mega líta til iðrunar ákærða fyrir dómi og að hann hefur eigi áður verið sakfelldur fyrir ofbeldisbrot.

Þykir refsing ákærða að öllu ofangreindu virtu hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár. Til frádráttar refsingunni skal koma óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 11. júlí 2019 til þessa dags.

Upptækir eru til ríkissjóðs tveir hnífar, sem lögreglan lagði halda á við rannsókn málsins, sbr. 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Í málinu er höfð uppi einkaréttarkrafa, sem getið er í ákæru. Krafan, sem er dagsett 9. september sl., og birt var daginn eftir, er sundurliðuð og rökstudd. Krafast er miskabóta að fjárhæð 5.000.000 króna, bóta vegna útlagðs kostnaðar vegna læknis- og ferðakostnaðar að fjárhæð 181.666 krónur og munatjóns að fjárhæð 49.985 krónur. Loks er krafist bóta vegna annars fjártjóns, þ.e. tekjutaps vegna óvinnufærni, en miðað er við mismun á nánar tilgreindum grunnlaunum og heildarlaunum brotþola síðustu fjóra mánuðina fyrir umræddan atburð og tekjum eftir hann, samtals að fjárhæð 440.982 krónur. Krafan var reifuð og rökstudd nánar við munnlegan málflutning af hálfu skipaðs réttargæslumanns brotþola, en um lagarök er vísað til 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 2. gr., 3. gr. og 26. gr. laga nr. 50/1993 með síðari breytingum, en einnig óskráðra reglna

skaðabótaréttarins, auk tilgreindra ákvæða vaxtalaga eins og segir í ákæru. Jafnframt er krafist málskostnaðar.

Eins og fyrr var rakið andmælti ákærði fyrir dómi bótaskyldu gagnvart brotþola, en til vara krafðist hann lækkunar kröfunnar og auk þess andmælti hann einstökum bóталиðum.

Ákærði hefur bakað sér bótaskyldu gagnvart brotþola, sbr. ákvæði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta verður litið til áðurrakinna læknisvottorða, vottorðs sálfræðings og fleiri gagna, sem að áliti dómsins styðja frásögn brotþola um að hann hafi orðið fyrir verulegri tilfinningaröskun og andlegum þjáningum vegna háttsemi ákærða. Þá verður litið til áðurrakinna sjónarmiða varðandi ákvörðun refsingar ákærða og loks þess að samkvæmt gögnum hefur brotþoli enn þörf fyrir sálfræðimeðferð vegna afleiðinga háttseminnar. Ákveðast miskabætur að þessu virtu til brotþola 1.800.000 krónur, með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Að áliti dómsins er krafan um greiðslu læknis- og ferðakostnaðar, að fjárhæð 181.666. krónur, studd fullnægjandi gögnum og verður því fallist á hana, ásamt vöxtum eins og segir í dómsorði.

Að áliti dómsins er krafan um greiðslu annars fjártjóns, þ.e. munatjóns og tímabundins atvinnutjóns, ekki studd fullnægjandi gögnum og verðu þeim liðum bótakröfunnar, að virtum andmælum ákærða, vísað frá dómi.

3. Ákæruvaldið hefur í málinu gert kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur m.a. 1.029.341 krónu. Að auki er um að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir dómi, en einnig ferðakostnað hans og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola við alla meðferð málsins, ásamt ferðakostnaði, sbr. ákvæði 235. gr. laga nr. 88/2008. Verður við ákvörðun launanna m.a. litið til umfangs málsins og lýstra starfa lögmanna við meðferð þess, sbr. og sundurliðaðrar skýrslu þar um. Einnig verður litið til þeirra sjónarmiða sem fram koma t.d. í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 290/2000 um hlutverk réttargæslumanna. Verður ákærði dæmdur til að greiða þennan kostnað, eins og segir í dómsorði. Launin eru ákvörðuð að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvalds flutti málið Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald hans frá 11. júlí 2019.

Upptækir eru til ríkissjóðs tveir hnífar, sem lögreglan lagði halda á við rannsókn málsins, sbr. 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 1.981.660 krónur í miska- og skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. júlí 2019 til 10. október sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 5.664.763 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, 3.351.720 krónur, en einnig ferðakostnað og útlagðan kostnað hans, samtals að fjárhæð 518.472 krónur, svo og laun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Kára Valtýssonar lögmanns, 632.400 krónur, og útlagðan kostnað hans, 132.830 krónur.